

Hafnarfjörður:
Glænýjar íbúðir í miðbænum
• fasteignir • hús
Í MIDJU BLAÐSINS ▶



Vínýll:
Spennandi að fara nýjar slóðir
• tilbúnir með nýja plötu
SÍÐA 25 ▶



Eva María Jónsdóttir:
Snýr aftur á skjáinn
• fjallar um atburði síðustu aldar
SÍÐA 30 ▶



HM í handbolta í Túnis:
Varnarleikurinn varð liðinu að falli
• geir sveinsson gerir upp mótið
SÍÐA 21 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. janúar 2005 – 29. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VISIR

MÁNUDAGUR




DETTIFOSS TIL HAFNAR Björgunar- aðgerðir Landhelgisgæslunnar báru árangur í gær eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir við að koma dráttartaug yfir í flutningaskipið Dettifoss. **Sjá síðu 6**

ÓVISS UM FRAMBOD Páll Magnússon, varaþingmaður Framsóknarflokksins, segist ekki hafa gert upp við sig hvort hann sækist eftir að leiða lista flokksins í næstu bæjarstjórnarkosningum. **Sjá síðu 2**

RÍKIÐ OF FYRIRFERÐARIKID Ríkið á eignarhlut í 206 fyrirtækjum. Ríkissjóður á 24 fyrirtæki. Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir að sameina eigi Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóð. **Sjá síðu 4**

ÞJÓÐVEGINUM LOKAÐ Mikíð hvasviðri og vatnsveður var víðast hvar um landið bæði á laugardag og sunnudag. Loka þurfti veginum við Myrdalssand. **Sjá síðu 8**

VEDRIÐ Í DAG



SKAPLEGUR VINDUR FRAMAN AF Bætur í vind þegar liður á daginn. Undir kvöldið gæti orðið strekkingur vestanlands. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG



HEILSA KYNJANNA Málstofa á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræðistendur fyrir málstofu í Eirbergi á Eiríks-götu klukkan 12. Lilja Sigrún Jónsdóttir, læknir og verkefnastjóri hjá Landlæknis-embættinu, fjallar um mun á heilsu karla og kvenna.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	20
Leikhús	26	Sjónvarp	28

Meðalbestur dagblaða Karlar 20-40 ára

61%

33%

Fréttablaðið Morgunblaðið

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup's nóvember 2004



BIÐRÖÐ Í BASRA Lítil írösk stúlka fylgdi móður sinni á kjörstað í borginni Basra í suðurhluta Íraks í gær. Biðraðir mynduðust víða á svæðum þar sem sjía-múslímar og Kúrdar eru í meirihluta.

Um sextíu prósentu kosningaþátttaka

Alls létust 44 í árásum uppreisnarmanna í Írak í gær þegar fyrstu lýðræðislegu kosningarnar í fimmtíu ár fóru fram. Stjórnmalasérfræðingar hafa áhyggjur af lítilli kosningaþátttöku súnni-múslíma.

ÍRAK Yfirmenn kjörstjórna í Írak telja að um 60 prósent Íraka, eða um átta milljónir, hafi mætt á kjörstaði í gær í fyrstu lýðræðislegu kosningunum í landinu í 50 ár. Meira en 200 stjórnmalaflokkar voru í framboði. Lokið verður við að telja atkvæðin eftir þrjá til fjóra daga.

Eins og búist hafði verið við létu uppreisnarmenn til sín taka og létust að minnsta kosti 44 í sprengingum í Bagdad og víðar. Þar af voru níu uppreisnarmenn. Þá fórst bresk herflutningavél af gerðinni Hercules C-130 rétt norðan við Bagdad um miðjan dag. Í gærkvöld var ekki ljóst hvort vélin hafði verið skotin niður.

Kosningasérfræðingar eru almennt sammála um að 60 prósentu kosningaþátttaka sé framar vonum. Carlos Valenzuela, kosningaráðgjafi á vegum Sameinuðu þjóðanna, vildi ekki staðfesta töluna. Hann sagði að þátttakan hefði verið mjög góð á sumum svæðum en nánast engin á öðrum.

Mikill munur var á kosningaþátttöku milli sjía-múslíma og Kúrda annars vegar og súnni-múslíma hins vegar. Í suðurhluta landsins þar sem meirihluti íbúa er sjía-múslímar var kosningaþátttakan mjög góð sem og hjá Kúrdum í norðurhlutanum. Á svæðum í miðhluta landsins þar

sem súnni-múslímar eru í meirihluta var kjörsókn afar lítil. Kjörstaðir í borgunum Falluja, Ramadi og Beiji voru tómir. Fólk hætti ekki á að mæta vegna hótana uppreisnarmanna súnni-múslíma um árásir.

Þó að sérfræðingar séu sammála um að 60 prósentu kosningaþátttaka sé mjög góð hafa þeir einnig lýst áhyggjum yfir lítilli þátttöku súnni-múslíma. Ef í ljós komi að stjórnmalaflokkar súnni-múslíma fái lítið sem ekkert fylgi verði ljóst að þingið muni ekki endurspegla þjóðina og það geti orðið til þess að þjóðin hreinlega klöfni.

sjá síðu 2

Hugmyndir um leigu nýs varðskips:

Kemur vel til greina

VARÐSKIP Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra finnst sjálfsgaet að skoða til hlítar möguleikann á að taka nýtt varðskip á leigu í stað þess að festa kaup á einu slíku.



BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA

Georg Kr. Lárússon, forstjóri Landhelgisgæslunnar, viðraði skoðanir þess efnis í viðtali við Fréttablaðið á laugardag. Björn og Georg hafa rátt framtíðaráform Landhelgisgæslunnar og endurnýjun á skipakosti hennar og segist Björn hlynntur því að hagkvæmasti kostur sé valinn, enda náist með honum þau markmið sem að er stefnt. Hann vill ekkert segja til um hvenær nýtt skip verður hugsanlega tekið í gagn, fyrst þurfi að grannskoða hvaða leið beri að fara.

- bps

Sjá síðu 4

Einn ráðherra Blairs: HIV-smitaður í 17 ár

LONDON, AP Fyrrverandi menningarmálaráðherra í stjórn Tonys Blair, Chris Smith, upplýsti í samtali við Sunday Times í gær að hann sé búinn að vera HIV-smitaður í 17 ár. Smith, sem er 53 ára, sagðist ekki hafa greint Blair frá þessu árið 1997 þegar hann varð fyrsti ráðherrann í Bretlandi til að opinbera samkyndheiti sína.

„Síðustu vikur og mánuði hefur mér fundist mér bera skylda til að segja frá þessu, ekki síst eftir að Nelson Mandela tilkynnti að sonur hans hefði látist úr eyðni. Ég vonast líka til að opinber umræða slái á fordómanna.“

Smith sagðist vilja undirstrika að HIV-smitaðir geta lifað eðlilegu lífi þrátt fyrir að þurfa að taka inn mikið magn lyfja. ■

Íslenska lopapeysan komin aftur í tísku:

Heilmikil aukning í sölu lopa

TÍSKA Lopapeysan virðist hafa aukið vinsældir sínar í vetur meðal Íslendinga og þá helst hjá yngri kynslóðinni.

Í versluninni Islandia í Kringlunni fengust þær upplýsingar að aukin eftirspurn væri á íslensku lopapeysunni meðal Íslendinga. Mikið af ungu fólki komi og spyrjist fyrir um þær og eru þá helst renndar peysur með og án hettu vinsælastar. Mest er eftirspurnin í peysum sem eru hvítar í grunninn með brúnum bekk en stundum sé beðið um bleikan bekk.



FRÉTTABLAÐIÐ/É.Ó.L.

Framleiðendur Álafosslopans staðfesta þetta og segja að heilmikil aukning hafi verið í sölu lopans og mikið um að fólk sé að þrjóna lopapeysurnar sjálf.

Rennd lopapeysa í verslun Islandia, sem kemur frá þrjónakonu, kostar 10.995 kr. en peysa sem fyrirtækið Cintamani framleiðir kostar 19.960 kr.

- kep

ÍSLENSKA LOPAPEYSAN Vinsældir lopapeysunnar hafa aukist meðal Íslendinga.

Laugardagur
Kollafjörður / Færeyjar

591 3000



SPURNING DAGSINS

Ingibjörg, vilt þú áfram vera vinkona Össurar?

Ég vissi ekki að annað stæði til.

Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, sagði á fundi flokksmanna á Akureyri í gær að hann og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir yrðu áfram vinir ef hann fengi einhverju um það ráðið.



FIJÁRMÁLARÁÐHERRA MED FIJÁRLÖGIN 2005

Ætlað er að um 30 milljónum króna sé árlega stungið undan skatti.

Alþingi í dag:
Skattsvik
rædd

STJÓRN MÁL Skattsvik og aðgerðir gegn þeim verða til umræðu á Alþingi í dag. Starfshópur sem fjármálaráðherra skipaði að undan-genginni samþykkt Alþingis skilaði viðamikilli skýrslu um umfang skattsvika í desember, rétt eftir að þingið fór í jólaleyfi. Í skýrslunni kemur fram að árlega svíki Íslendingar í kringum 30 milljarða króna undan skatti en það er svipuð fjárhæð og kostar að reka allt íslenska skólakerfið. Nefndin lagði til nokkrar leiðir til að sporna við skattsvikum og verða þær og fleiri ræddar í þinginu í dag. - bps

LÖGREGLUFRETTIR

GRIPU Í TÓMT Lögreglan á Egilsstöðum fékk boð í gegnum neyðarlínuna aðfaranótt sunnudags vegna fólks í vanda á Öxi. Ekkert símasamband er á Öxi en erlendir vegfarendur komu að fólki í vanda sem það um að haft yrði samband við neyðarlínuna. Lögreglan kallaði björgunarsveitina út en þegar hún kom á staðinn var ekkert fólk að finna.

VIRTI EKKI BIÐSKYLDU Tvö umferðaróhöpp áttu sér stað á Akureyri á sunnudag. Í fyrri skiptið virti ökuð ekki biðskyldu og keyrði í veg fyrir annan bíl. Í seinna skiptið var bifreið ekið beint á aðra bifreið á ferð. Bílarnir skemmdust talsvert en engin meiðsli urðu á fólki.

Páll Magnússon:

Hvorki kynjabarátta né innanflokksátök

STJÓRN MÁL Páll Magnússon, varaþingmaður Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, segist ekki hafa gert upp við sig hvort hann sækist eftir að leida lista flokksins í næstu bæjarstjórnarkosningum í Kópavogi. Ýmsir innan flokksins telja að tilgangur hallarbyltingar í Freyju, félagi framsóknarkvænna í Kópavogi í liðinni viku, hafi verið að tryggja honum oddvitastöðu í bænum.

Eiginkona Páls og sambýliskona Arna Magnússonar, félagsmálaráðherra og bróður Páls, tóku þátt í meintri hallarbyltingu. Páll segir að þær hafi verið þar á eigin forsendum og að-

dróttanir um annað geri lítið úr Sigurbjörgu Vilmundardóttur, bæjarfulltrúa flokksins, sem þær hafi verið að styðja í stjórnarkjöri. „Mér finnst lítið gert með framboð Sigurbjargar því það er skýringin fyrir niðurstöðu fundarins. Hún tilkynnti formanni Freyju það viku fyrir fundinn að hún vildi í stjórn félagsins og fékk þau svör að hún ætti þá að bjóða sig fram. Það varð úr og tilgangslítið að svekkja sig yfir því eftir á og snúa þessu upp í kynjabaráttu eða stórfelld innanflokksátök eins og sumir hafa gert.“

- ghg



Á GÓÐRI STUND Í FRAMSÓKN

Siv Friðleifsdóttir vakti athygli á því að konur bræðranna Páls og Arna Magnússonar hefðu tekið þátt í hallarbyltingu í kvenfélagi innan flokksins. Viðmælandur blaðsins benda á að ættingjar Sivjar sitji og hafi setið viðs vegar í stjórn Framsóknarflokksins.

Rödd frelsis
ómar frá Írak

Forseti Bandaríkjanna lýsti yfir mikilli ánægju með framkvæmd kosninganna í Írak í gær. Hann heitir Írökum áframhaldandi aðstoð. Öldungardeildarþingmaður demókrata vill hermennina heim.

BANDARÍKIN. AP George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, lýsti í gær yfir mikilli ánægju með framkvæmd kosninganna í Írak. Hann lofaði því að Bandaríkin myndu áfram reyna að tryggja öryggi almennra borgara í landinu.

„Heimurinn heyrir nú rödd frelsis óma frá Írak,“ sagði Bush við blaðamenn í Hvíta húsinu eftir að kjörstöðum hafði verið lokað í Írak. Hann hrósaði þeim Írökum sem kusu þrátt fyrir að uppreisnarmenn hefðu hóttað árásum á kjörstaði. Alls létust 44 í sjálfsmorðsárásum og sagði Bush að þeir kjósendur hefðu látist hafa fórn að sér fyrir mikilvægasta málstaðinn – frelsið.

Líkt og á laugardaginn sagði Bush að kosningarnar myndu ekki binda enda á hryðjuverkaárásir öfgamanna. Bandaríkjamenn myndu hins vegar hjálpa Írökum til þess stöðvar árásrinnar og koma á friði þar til hið nýja lýðræðisríki

ÍRÖSKU KOSNINGARNAR

- Kosnið var stjórnlagþing og kjörtímabilið er 11 mánuðir
- 275 þingmenn sitja á þinginu
- Þingið velur forseta og tvo varaforseta
- Forsetarnir velja forsætisráðherra og ríkisstjórn sem þingið þarf að samþykka
- Þingið mun skrifa nýja stjórnarskrá
- Stjórnarskráin verður lögð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu í október
- Ef stjórnarskráin verður samþykkt verða þingkosningar í desember
- Ef stjórnarskránni verður hafnað verður aftur kosnið stjórnlagþing



SVARAÐI EKKI SPURNINGUM

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, svaraði ekki spurningum blaðamanna í Hvíta húsinu í gær.

gæti sjálft borið ábyrgð á öryggi borgaranna.

Edward Kennedy, öldungardeildarþingmaður demókrata, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann segir að Bush verði að líta lengra fram í tímann. Nauð-

synlegt væri að sýna Írökum fram á það að Bandaríkjamenn hefðu ekki uppi önnur áform í landinu en að koma á lýðræði. Besta leiðin til þess væri að byrja strax á því að senda hluta hermanna heim til Bandaríkjanna. ■



IRON MAIDEN

Verða með tónleika í Egilshöll í sumar

Rokk og ról í Reykjavík:
Iron Maiden
til landsins

TÓNLIST Breska rokkhljómsveitin Iron Maiden heldur tónleika í Egilshöll þriðjudaginn 7. júní. Fyrirtækið R&R flytur sveitina til landsins, en að því standa Ragnheiður Hanson og Halldór Kvaran. Þau hafa áður flutt fjölda listamanna til landsins, til dæmis Metallica, David Bowie og Robbie Williams.

Iron Maiden hefur starfað með hléum í um 30 ár og hélt tónleika í Laugardalshöll sumarið 1992. Nýlega var gefinn út mynddiskur með efni frá fyrstu árum sveitarinnar og er tónleikaförin nú farin til að kynna efni hans. bps

LÖGREGLUFRETTIR

RÚÐUR BROTNAR Talsverður erill var hjá lögreglunni í Reykjavík aðfaranótt sunnudags en mikið var af fólki í miðbænum. Ólvun var talsverð og þurfti lögreglan að fjarlægja fikniefni af nokkrum aðilum. Rúður voru brotnar á Laugaveginum og skemmdir voru unnar á vinnuvélum og sex rúður brotnar. Einnig var eitthvað um slagsmál í bænum.

EKID YFIR DRENG 10 ára drengur á Akureyri rann í hálku og lenti undir bíl seinnipartinn í gær. Bifreiðin var ekki á mikilli ferð en var ekið yfir drenginn sem slapp með lítilsháttar meiðsli

Steingrímur Hermannsson um Íraksmálið:

Erum ekki lengur með hreinan skjöld


STJÓRN MÁL Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, telur það hafa verið við hæfi að jafn mikilvægt mál og stuðningur Íslands við innrásina í Írak hefði verið tekið upp og rætt í ríkisstjórn.

„Ég tel það vera augljóst að Davíð og Halldór hafi tekið ákvörðunina einir og ég tek það fram að það þarf ekki samþykkt ríkisstjórnarinnar fyrir einstaka ákvarðanir ráðherra,“ segir Steingrímur þótt hann telji að mikilvægt sé að leita samþykkis í viðkomandi þingflokki og sjálfsgætt sé að bera svona stórt mál undir utanríkisráðgjafnefnd.

„Við höfum talið okkur vera friðlausa og herlausu þjóð og ég hef verið mjög stoltur af því. Nú getum við hins vegar talið okkur þáttakendur í árásarstríði, við erum ekki lengur með hreinan skjöld,“ segir Steingrímur og bætir við að til margra ára tók Ísland ekki þátt í hernaðarráðuneyti Nató vegna þess að Íslendingar væru ekki hernaðarþjóð.

- kep

STEINGRÍMUR HERMANNSSON Fyrrverandi forsætisráðherra landsins segir samþykkt ríkisstjórnar ekki nauðsynlega fyrir ákvörðun ráðherra.



Dúndur tilboð
Rauðmagi

80,- kr. pr. stk

opið laugardaga frá 10-14.30

Fiskbúðin Vör
- Fiskikóngurinn -

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

ÞÚ FÆRÐ MEIRA

VÖ XT UR

Vöxtur er alhliða fjármálaþjónusta sem samanstendur af bankaþjónustu KB banka, tryggingaþjónustu frá VÍS, Lífis og Alþjóða líftryggingarfélaginu og bílafjármögnun frá Lýsingu.

Vöxtur færir þér ekki aðeins aukna þjónustu heldur nýtur þú hagræðisins í beinhörðum peningum.

Þú færð meira með Vexti!

Pantaðu ráðgjöf á
www.voxtur.is og
sjáðu hvað þú færð
meira með VEXTI.



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 28.1.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,99	62,29
Sterlingspund GBP	117,02	117,58
Evra EUR	80,88	81,34
Dönsk króna DKK	10,88	10,93
Norsk króna NOK	9,81	9,86
Sænsk króna SEK	8,90	8,95
Japanskt jen JPY	0,60	0,60
SDR	XDR	94,30 94,86

Gengisvísitala krónunnar
111,25-0,22%

Heimild: Seðlabanki Íslands

4

Alþingismenn um varðskip á rekstrarleigu:

Tekið undir hugmyndir Georgs

VARÐSKIP „Ég fagna mjög sjónarmiðum Georgs um að íhuga leigu á skipi,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins. Georg Kr. Lársson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sagði í viðtali við Fréttablaðið á laugardag að hagkvæmara væri að leigja nýtt varðskip í stað þess að kaupa það. Leigan gæti numið um 150 milljónum króna á ári en ætlað er að það kosti 3 milljarða að kaupa nýtt skip.

Magnús léði sjálfur máls á þessari leið í viðtali við Fréttastofu Útvarps í fyrrasumar.

Hann segir Norðmenn hafa

farið þessa leið í langan tíma og meðal annars leigt fiskiskip til landhelgisgæslu. Telur hann mögulegt að leigja togara eða nótaskip í eigu íslenskra útgerða. „Við eigum mörg skip sem gætu nýst til gæslustarfa með smávægilegum breytingum.“

Guðmundur Hallvarðsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, tekur líka jákvætt í hugmyndina. „Ef það fæst skip sem hentar okkur tel ég eðlilegt að skoða málið vel. Við þekkjum þetta í kaupskipafлотanum þar sem skip eru leigð til lengri eða skemmri tíma.“



VARÐSKIPIÐ ÓÐINN

45 ára afmæli Óðins var fagnað á fimmtudag. Ægir er 37 ára og Týr 30 ára.

- bþs

200 fyrirtæki í eigu ríkisins

Ríkið á eignarhlut í 206 fyrirtækjum. Ríkissjóður á 24 fyrirtæki. Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir að sameina eigi Bygðastofnun og Nýsköpunarsjóð. Sjóðirnir fjárfesti jafnvel í sömu fyrirtækjunum.

RÍKISEIGNIR Ríkið á eignarhlut í rétt um 200 hlutafélögum og einkahlutafélögum. Ríkissjóður átti hlut í 24 fyrirtækjum 1. desember síðastliðinn. Ríkisstofnanir í A-hluta eiga frá 0,9% til 100% í 29 fyrirtækjum. Fyrirtæki Bygðastofnunar eru 78 og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á 64. Ellefu voru í eigu annarra ríkisfyrirtækja.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir ríkið of fyrirferðarmikið í íslensku atvinnulífi. Sameina eigi Bygðastofnun og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Sjóðirnir fjárfesti í of líkum fyrirtækjum, jafnvel þeim

DÆMI UM FYRIRTÆKI Í EIGU RÍKISINS

Ríkissjóður	Eignarhluti
Baðfélag Mývatnssveitar	54,0%
Barri hf.	22,4%
Endurvinnslan – auk ÁTVR sem á 20%	17,8%
Flugskóli Íslands	42,2%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	100%
Geca hf.	12,8%

Stofnanir í A-hluta

Eignarhaldsfélag Verðbréfabings	0,9%
Fiskeldi Eyjafjarðar hf.	9,1%
Internet á Íslandi ehf.	0,6%
Spölur ehf.	11,6%

Bygðastofnun

Baðfélag Mývatnssveitar	23,5%
Dalagisting – auk eignarhluta í fjölda hótela	16,3%

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Frumkvöðlasetur Austurlands	13%
Geca	33%



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON
Segir eignarhlut ÁTVR í Endurvinnslunni hafa komið mest á óvart.

sömu. Mesta athygli hefði þó 20 prósent hlutur ÁTVR í Endurvinnslunni vakið í svörum fjármálaráðherra um eignaumfang ríkisins í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Hann segir niðurstöðu fyrirspurnarinnar hafa komið sér á óvart.

„Ríkið á hlut í félögum sem reka baðhús, hótél, fiskeldi, endurvinnslu, flugþjónustu, saumastofur, upplýsinga- og tæknifyrirtæki. Ríkið á einnig hlut í félagi sem á í sjávarútvegi og öðru sem rekur bakari,“ segir Sigurður. Hann óski skýringa á því hvers vegna ríkið hafi verið svo stórtækt í fyrirtækjafjárfestingum.

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir eign ríkisins í samkeppnisfyrirtækjum vera ósið. Eign þess í mörgum fyrirtækjanna, s.s. Flug-



ÖGMUNDUR JÓNASSON
Segir rangt hafa verið að selja fjármálastofnanir. Ekki eigi að selja Símann.

skóla Íslands, sé fráleidd. Eins sé með eigu ríkisins í fjölda hótela. Verið sé að veita dulbúna styrki: „Menn þurfa að vera agaðir. Þeir eiga ekki að beita ríkisfjármálum á þennan hátt.“

Ögmundur Jónasson, sem situr fyrir Vinstrihreyfinguna-grænt framboð í efnahags- og viðskiptanefnd, segir menn almennt samála um að eignarhluti ríkisins í til dæmis hótélum á landsbyggðinni sé ekki keppikefli þess.

„En hvernig er þetta til komið? Er það vegna þess að þessum hótélum og fyrirtækjum var veitt aðstoð til að koma í veg fyrir atvinnuhrun,“ spyr Ögmundur. Slík fyrirtæki lúti öðrum lögmálum en stórfyrirtæki í eigu ríkisins, því þau litlu megi selja skapist til þess tækifæri.

gag@frettabladid.is

Hamfarirnar í Asíu:
Kalla á breytingar

RÁÐSTEFNA Viðbrögð vegna hörmunganna í Suðaustur-Asíu voru meðal umræðuefna á höfuðborgaradstefnu Norðurlandanna fyrir helgi.

Stefán Jón Hafstein, forseti borgarstjórnar, sat ráðstefnuna og segir í tilkynningu að ráðamenn höfuðborganna geti lært margt af því sem gerðist. Undirbúningur almannavarna og sjálfbodaliða hafi ekki náð til þeirra aðgerða sem var krafist eftir flóðbylgjuna. Til dæmis hafi verið ótrúlega erfitt að afla upplýsinga af vettvangi þrátt fyrir nútímatækni.

- gag

LÖGREGLUFRETTIR

TEKNIR MEÐ HASS Lögreglan í Keflavík handtók tvo menn sem voru að hefja kannabisneyslu í bifreið sinni aðfaranótt sunnudags. Lögreglan lagði held á smáræði af tóbaksblönduðu hassi við handtökuna.

ÖLVADIR VIÐ STÝRI Þá sömu nótt tók lögreglan tvo menn, annan í Njarðvík og hinn í Keflavík, vegna gruns um ölvunarakstur. Eftir blóðtöku og yfirheyrslu voru mennirnir frjálssir ferða sinna.

BÍLAR Á FLOTI Slökkviliðið í Reykjavík var kallað út um þvíleytið á sunnudagsmorgun því mikið vatn hafði flætt inn í geymsluhúsnæði Fornbílaklúbbsins sökum leysinga. Það tók slökkviliðið um tvo klukkutíma að losa út vatnið og um hádegi var mest vatn farið. Seinnipart sunnudags fór slökkviliðið aftur að húsnæðinu til að ljúka við hreinsun og losun á því vatni sem eftir var.



LÖGREGLA Á VETTvangi

Aðskilnaðarhreyfing Baska lýsti yfir ábyrgð á sprengingunni.

ETA sprengir á hóteli á Spáni:

160 sluppu naumlega

MADRID, AP Einn slasaðist í sprengingu á hóteli í strandbænum Denia, skammt frá Alicante á Spáni, í gær.

Sprengjan sprakk hálf tíma eftir að hótun barst símileidis, en 160 gestir voru fluttir af hótelinu í skyndi og sluppu því með skrekkin. Aðskilnaðarhreyfing Baska, ETA, hefur lýst yfir ábyrgð á sprengjunni. ETA er talið bera ábyrgð á 800 morðum í landinu síðan árið 1960, en hreyfingin berst fyrir sjálfstæði Baska á Norður-Spáni. ■

NORÐURLÖND

MEIRA ATVINNULEYSI Atvinnuleysi í Svíþjóð er aðeins meira nú en fyrir ári. Atvinnuleysi mældist 5,3 prósent í desember, 0,2 prósentustigum meira en í fyrra. Atvinnuleysið mældist undir fimm prósentum í nóvember, eða 4,9 prósent.

KJARAMÁL

SAMID VIÐ ALCAN Nýr kjarasamningur til tæplega þriggja ára milli stéttarféлага og Alcan, sem rekur álverið í Straumsvík, hefur verið undirritaður. Alls komu átta stéttarfelög að samningnum. Samningurinn nær til um 400 starfsfólks álværansins.

FISKFARS 299- Kr/Kg

Hrogn og Lifur

Súr hvalur og hákarl

FISKBÚÐIN VEGAMÓT

NESVEGUR 100 / 170 SELTJARNARNES

ARNARBAKKA 4-6 / BREIÐHOLT

WWW.FISKBUDIN.IS

Veðrið


SKAPLEGT VEDUR

FRAMAN AF Fram undir hádegi verður vindur yfirleitt hægur á landinu nema á Suðurlandi þar sem vindur verður stífari. Um hádegi fer að bæta í vind og gæli orðið strekkingur eða allhvasst undir kvöldið vestanlands, en heldur hægar austan til. Það verður vætusamt í dag vestanlands. Hitatölur eru á uppleið og má reikna með að það verði frostaust á landinu í kvöld. Á morgun verður stíf vestanátt en hlýtt. Svo má reikna með að það frysti aftur á fimmtudag eða föstudag og þá verði líka svellkalt...



Kveðja, Guðrún, Arnardóttir náttúrufræðingur.


Í dag




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	8°C sk.m.köflum	Þórshöfn	8°C léttskýjað
Oslo	3°C léttskýjað	London	11°C léttskýjað
Stokkhólmur	5°C sk.m.köflum	Glasgow	13°C skýjað
Helsinki	1°C sk.m.köflum	Paris	7°C skýjað

Á morgun



Miðvikudagur



Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

· Û ÅFF · 3 ´ E= ;>; ´ ~

HWAgd VW dSA h[A ¼Y â Xb` e] g dhiVg` ` [1

· SÁ W Xaff eW \SX Sef â h[A ¼SÁ SÁ afS VW d
ª dWS h[A e]ž

· ø Yª f[d hW[A â V[A í ¼dYYS VSYS VWgdW[A ¼Sd
eW efS` SÁ hWAgd h[A ¼Y Xa _ adY [f[^] hôVež
· ª Y[V[hWAS í Xdcb_ [- S` V[feTSÁ VSYWf
`gVM ¼dèffS _ âfiÁ â ZhVg] hôV[SÁYS` YgdSÁ
ZVeg[V ZòfW[e aY TíS`WgTí`ž

F[^SÁ WYS] aef â SÁ h[` S ¼WeS W[A ¼SdXg SÁW e
SÁ e] dâ ¼Y í Z[` ` üS 6Wgd ½TT ? SefW5SdV
aY `afS ? SefW5SdV_] ad[A ¼ff â fi_ ST[f g
#žXWcbSdž%ž_ Sd \$" ' ' ž · hí aXSdeW ¼ø `afSd
] ad[A ¼We_ Vd h[` [Ye] gž

E] dâ [` Y í 6Wgd ½TT ? SefW5SdV XWXS_ â hW
a]] Sd i i i ž dW[f] adfžž





KJÖRKASSINN

Ertu sátt(ur) við árangur íslenska landsliðsins á HM?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	39%
Nei	61%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Heldurðu að ástandið batni í Írak þegar nýkjörin stjórn tekur við völdum?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



KJARAMÁL Sérþingur við kennara í Sjúlandsskóla, nýjum grunnskóla Garðabæjar, getur ekki orðið að veruleika nema launanevnd sveitarfélaga og Kennarasambandið Íslands samþykki hann.

Eiríkur Jónsson segir að vilji starfsfólk grunnskólanna almennt breytt fyrirkomulag og sveitarfélög séu tilbúin að greiða verulega hærri laun, án þess að réttindum sé fórnad, sé Kennarasambandið tilbúið að skoða málin. Samningar verði ekki staðfestir nema skilyrðin séu uppfyllt: „Við förum ekki að selja það frelsi sem þó er eftir af vinnutímanum fyrir ekki neitt.“

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, formaður launanevndar sveitarfélaganna, segir fagnaðarefni ef bæjarstjórnin í Garðabæ vilji hafa forgöngu um breytt fyrirkomulag. Hve há laun verði greidd líti samþykki launanevndarinnar: „Þetta er eitthvað sem verður að skoða og krónutalan hlýtur að draga einhvern dóm af vinnufyrirkomulagi og vinnutíma.“

KENRARAR Í KJARAVIÐRÆÐUM VIÐ SVEITARFÉLÖGIN

Samninganevnd kennara situr hér á fundi á 28. degi verkfalls kennara. Hún fær fyrirhugaðan sérþingning kennara í Sjúlandsskóla til umsagnar og staðfestingar.



Varðskipin með Dettifoss til hafnar

Björgunaraðgerðir Landhelgisgæslunnar báru árangur í gær eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir við að koma dráttartaug yfir í flutningaskipið Dettifoss. Veðrið gekk niður um miðjan dag í gær og búist var við skipunum til Eskifjarðar í nótt.

BJÖRGUN Búist var við því í gærkvöld að varðskipin Týr og Ægir kæmu með flutningaskipið Dettifoss í togi til hafnar á Eskifirði í nótt. Þau voru stödd í mynri Reyðarfjarðar um klukkan sjö í gærkvöld.

Stýrisblað skipsins brotnaði af um klukkan átta á föstudagskvöld þar sem það var stöðugt á landinu á leið til Eskifjarðar frá Reykjavík. Þá var þungt í sjóinn og mikið rok. Þrisvar tókst að koma dráttartaug á milli Dettifoss og Týs en hún slitnaði ávallt.

Um miðjan dag í gær gekk veðrið niður og þá tókst loksins að koma taug á milli skipanna og sigla til lands.

Karl Gunnarsson, svæðisstjóri Eimskips á Austurlandi, sagði í gærkvöld að siglingin gengi vel þrátt fyrir að enn væri þungt í sjóinn. Kafarar um borð í Tý ætluðu að kafa niður að hlið-

arskrúfu Dettifoss þegar komið væri inn í Reyðarfjörð. Skrúfan bilaði á meðan skipið rak og er talið að dráttartóg sem slitnaði úr skipinu hafi flækst í skrúfunni. Mikilvægt er að skrúfan virki þegar Dettifoss leggst að bryggju á Eskifirði.

Þrettán menn eru í áhöfn Dettifoss, allir Íslendingar. Karl segir þá hafa það gott enda hafi verið lögð áhersla á að þeir færu varlega á meðan óveður geysaði. Í samtali við blaðið í gær sögðu menn um borð að mörgum væri brugðið enda veður vont.

Dettifoss flytur 850 gáma með um 6.000 tonn af útflutningsvörum, mest fiski og áli.

Skemmdir á skipinu verða skoðaðar þegar það kemur í höfn. Viðgerðir á því fara þó að líkindum fram erlendis. Skipið verður því væntanlega aftur dregið yfir hafið þar sem hægt er að taka það í þurrkví.

Karl segist vita til þess að stýrisblöð hafi áður dottið af fraktskipum. „Það virðist hafa færst í vöxt. Ég veit ekki hvort smíðagalla er um að kenna eða málmþreytu.“

ghg@frettabladid.is

TÝR OG DETTIFOSS

Á efri myndinni sést Dettifoss á reki í miklum sjó. 850 gámar með 6.000 tonn af vörum eru um borð í skipinu. Á neðri myndinni sést varðskipið Týr og Dettifoss. Eftir að veðrið gekk niður um miðjan dag í gær tókst að koma dráttartaug á milli skipanna og stefnan var sett á Reyðarfjörð.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR

Segir ekki liggja fyrir hvernig brugðist verði við falli hugmynd þeirra að sérþingningi ekki í kramið.

KÍ og launanevndin: Verða að bíða samningsins

KJARAMÁL Algerlega ótímabært er fyrir samninganevndir kennara og sveitarfélaga að tjá sig um hvernig þeim lítist á sérþingningi í Sjúlandsskóla fyrr en þeir hafi hann í höndunum, segir Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri í Garðabæ.

Ásdís segir bókun nýja kjarasamningsins um sérþingninga fela í sér að báðar samninganevndirnar hafi áhuga á slíkum samningum:

„Það hefur ekkert komið til okkar sem gefur okkur ástæðu til að halda að menn ætli ekki að vinna í samræmi við þessa bókun. Á meðan svo er treystum við því að fullur hugur hafi verið í mönnum þegar þeir kláruðu síðustu samninga.“

- gag

Bandaríkjaferðir á frábæru verði



Netsmellur til USA

Verð frá 36.900 kr.*

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald

Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR 
www.icelandair.is

Viðbrögð vegna hugsanlegs Kötlugoss undirbúin:

Flóðbylgja gæti náð til Grindavíkur

NÁTTÚRAN Gjosi Katla af öllum mætti gæti flóðbylgja skolið á suðurströnd landsins. Þessi möguleiki er fjarlægur en engu að síður raunhæfur og út frá honum verður unnið þegar aðgerðir vegna hugsanlegs Kötlugoss verða ákveðnar.

Von er á skýrslu Almanna- varna ríkisins um mögulegar afleiðingar goss í Kötlu en með henni verður mönnum möguleg áhrif betur ljós. Yfirmenn almannavarnamála í Vík í Mýrdal, Vestmannaeyjum, á Hvolsvelli, Selfossi og Reykjanesi hafa þó þegar gefið málinu gaum.

„Við vitum ekki nákvæmlega á hverju við eigum von en við þurfum að vera við öllu búin,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður í Árnessýslu.

Hugsanlega þarf að rýma

byggðirnar við ströndina, allt frá Vík til Grindavíkur.

Ólafur Helgi leggur ríka áherslu á að fólk verði upplýst um alla möguleika um leið og því sé gerð grein fyrir að ekki sé þar með sagt að eitthvað gerist. „Við erum ekki að tala um eitthvað sem verður heldur eitthvað sem gæti hugsanlega orðið.“


Ekki hefur áður verið hreyft við þeim möguleika að áhrif Kötlugoss geti náð jafn langt með suðurströndinni og nú er talið hugsanlegt.

bbs

ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON SÝSLUMAÐUR

„Við vitum ekki nákvæmlega á hverju við eigum von en við þurfum að vera við öllu búin.“





MEGANE

Mest seldi bíllinn

Veistu af hverju Renault Megane er mest seldi bíllinn í Evrópu annað árið í röð?

Skemmtilegur í akstri • Rásfastur og lipur • Hlaðinn áhugaverðum tækninýjungum

5stjörnu öryggi • Lág bílanatíðni • Hönnun af fremstu gerð • Rúmgóður • Ótrúlega vel búinn

Hagstætt verð • Efnisval og frágangur fyrsta flokks • Veitir aðgang að traustri þjónustu

Gæði • Öryggi • Áreiðanleiki • Mjög hagstæður í rekstri

Komdu í reynsluakstur í dag og finndu af eigin raun hvers vegna 1.176.955 manns ekur um á Renault.

Renault Megane II
Verð frá kr. 1.770.000



Renault Megane II 5 dyra, 1600 / 16V
115 hestöfl, beinskiptur.
Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,2 ltr/100km
Þú eignast hann fyrir kr. 1.920.000
Bílasamningur kr. 19.690 á mánuði*

Kr. á mánuði

19.690

RENAULT

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436



Með bíllinn handa þér

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% úborgun. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200.

*Bíll á mynd: Renault Megane 5 dyra með allfelgum.



VEISTU SVARID?

- 1 Hvaða flutningaskip varð stjórnlaut fyrir austan land um helgina?
- 2 Hvenær ætla Ariel Sharon og Mahmoud Abbas að funda?
- 3 Hvers var minnst í Póllandi á fimmtudaginn?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Afvoðnunarfulltrúi Bandaríkjanna:

Íran ógn við Mið-Austurlönd

BAHARIN, AP John Bolton, öryggis- og afvoðnunarfulltrúi Bandarísku stjórninni, sagði á fundi í Barein í vikunni að löndum í Mið-Austurlöndum stafaði veruleg hættu af kjarnorkuvopnaeign Írana.

Bolton fór í vikunni í heimsókn til þriggja Mið-Austurlanda þar sem hann hitti ráðamenn og ræddi þróun kjarnorkuvopna í Íran. Hann segir stuðning Írana við hryðjuverkahópa gera málið enn alvarlegra. „Það er sama hvort

þeir hyggjast gera sín eigin kjarnorkuvopn eða útvega hryðjuverkahópum þau, hvort tveggja er jafn slæmt.“

Frakkar, Bretar og Þjóðverjar hafa staðið í viðræðum við Írana um að þeir stöðvi auðgun úrans gegn tæknilegri, pólitískri og fjárhagslegri aðstoð. Íranar urðu við beiðninni meðan á viðræðunum stóð en hafa ítrekað neitað að frysta áætlanir sínar.

Fyrr í mánuðinum var haft



ÍRANAR NEITA AÐ HÆTTA AUÐGUN ÚRANS
Vekur uggh hjá öðrum þjóðum.

eftir Bush Bandaríkjaforseta að hann útilokaði ekki hernaðaradgerðir gegn Íran vegna auðgun-

ar úrans sem Bandaríkjamenn telja að sé ætluð til nota í kjarnorkuvopnagerð. ■

Hvað gerist í Írak og Íran?



Magnús Þorkell Bernharðsson

1. sæti
Allar bækur

Perlan Eyvindsson
og Bókabútur MM
19. - 25. jan.

Í Þíslarvottum nútímans er rakið samspil trúar og stjórnmála í Írak og Íran, ljósi varpað á sjálfsmorðsárásir og þíslarvættisdaða, hugmyndafræði íslamista og margt fleira sem leynist handan fyrirsagna fjölmiðlanna. Þessi bók sætir miklum tíðindum, enda er hér skrifað af mikilli þekkingu á aðgengilegan hátt um málefni sem brenna á allri heimsbyggðinni.

Aðeins
2.990 kr.



Mál og menning
edda.is



VEGURINN Í SUNDUR VIÐ MÝRDALSSAND

Vegagerðin þurfti að taka veginn í sundur við Mýrdalssand á meðan mikið leysingavatn ásamt klaka ruddist yfir veginn.

Þakplötur fuku og malbik flettist af

Mikið hvassviðri og vatnsveður var víðast hvar um landið bæði á laugardag og sunnudag og olli talsverðum skemmdum. Loka þurfti veginum við Mýrdalssand vegna mikilla vatnavaxta og þakplötur fuku af húsum á Akureyri.

HVASSVIÐRI Hvassviðri var víðast hvar um landið um helgina og loka þurfti veginum við Mýrdalssand sökum vatnavaxta aðfaranótt sunnudags. Á Akureyri fuku þakplötur af raðhúsallengjum og vörubífræið fáu út af veginum rétt norðan við bæinn. Grjóthnullungar tókust á loft í vegaskarði við Möðrudal og skemmdust þar tveir bílar talsvert. Veðrið hafði þó gengið niður á flestum stöðum landsins um hádegi á sunnudag.

Starfsmenn vegagerðarinnar í Vík lokuðu veginum við Mýrdalssand um eittleytið aðfaranótt sunnudags af öryggisástæðum,

en mikið leysingavatn rann yfir veginn á 300 metra kafla. Mikil rigning var og heitt í veðri og sökum þess hversu mikill snjór var fyrir á sandinum ruddist vatn ásamt klaka yfir veginn og þegar vatnshæðin var sem mest sást rétt aðeins í glitmerki á vegastikum. Lögreglan í Vík vakti veginn en vegagerðin tók hann í sundur á einum stað til að hleypa vatninu í gegn, og var vegurinn settur saman þegar vatnsstraumurinn hafði minnkað. Smávægi- legar skemmdir urðu á veginum og þá helst að kantar losnuðu upp. Opnað var fyrir umferð um

klukkan ellefu á sunnudagsmorgun og var eðlileg umferð komin á skömmu eftir það. Skemmdir urðu einnig vegna hvassviðris á veginum í kringum Kvísker sunnan við Vatnajökul en í gærmorgun náðu vindhviður á því svæði allt að 48 metrum á sekúndu. Á Möðrudalsöræfum, á veginum á milli Egilsstaða og Mývatns, fletti vindurinn malbikinu af veginum í heilu lagi og lagðist það saman, en um miðnætti á laugardag náði vindurinn þar 37 metrum á sekúndu í mestu hviðunum.

kristineva@frettabladid.is

VR FÉLAGAR!

30% HÆKKUN

Öll laun hækka samkvæmt **kjarasamningi VR og SA** um 3% frá og með 1. janúar

Hækkunin kemur til útborgunar 1. febrúar n.k.

Starf okkar
eflir
þitt starf

VR

Eldsvoðinn í Mont Blanc:

16 sóttir til saka

FRAKKLAND, AP 16 manns hefur verið stefnt fyrir dómstóla í Frakklandi vegna eldsvoða í Mont Blanc-göngunum árið 1999. Eldsvoðinn varð 39 manns að bana. Sakborningar eru ákærðir fyrir manndráp og sækjendur munu fara fram á sektir og allt að þriggja ára fangelsi. Búist er við að réttarhöldin taki að minnsta kosti þrjú mánuði, en undirbúningur hefur staðið í fjögur og hálf ár.

Eldurinn kviknaði í Volvo-flutningabíl í göngunum en talið er upptökin megi rekja til fram-




VIÐ MONT BLANC-GÖNGIN EFTIR BRUNANN

Göngin voru lokað í þrjú ár eftir eldsvoðann sem kostaði 39 manns lífið.

leiðslugalla í bílnum. Meðal sakborninga eru sænska fyrirtækið Volvo, ökumaður flutningabílsins og franskir og ítalskir

stjórnarmenn ganganna. Aðstandendum fórnarlamba hafa þegar verið greiddar 13,5 milljónir punda í skaðabætur. ■



BURBERRY BRIT

A NEW FRAGRANCE FOR MEN



KÍNVERSK FEGURÐ

Opna kínverska meistaramótíð í fegurð fór fram um helgina. Stúlkur víðs vegar að úr heiminum tóku þátt en skilyrði fyrir þátttöku var að þær væru af kínversku bergi brotnar. Sú er framar stendur fór með sig af hólmí en hún er búsett í Vancouver í Kanada.

Jóhannes Páll páfi II á Péturstorgi:

Gekk illa að sleppa friðardúfunum

VATÍKANÍÐ. AP Jóhannes Páll páfi II hugðist ásamt tveimur börnum sleppa hvítum dúfum út um glugga á íbúð sinni í Páfagarði í gær, en dúfurnar vildu ekki út í kuldann sem hefur ríkt í Róm undanfarið og flugu aftur inn í hlýjuna.

Athöfnin var liður í átaki kaþólskrar hreyfingar á Ítalíu sem valdi janúarmánuð sem mánuð til að undirstrika frið í heiminum.

Púsundir ungra barna höfðu safnast saman á Péturstorginu til að fylgjast með páfa og börnunum tveimur og

hlógu svo undir tók í Péturstorginu þegar dúfurnar flugu inn en ekki út.

Páfi greip eina dúfuna og ýtti henni blíðlega út um gluggann, en eftir stutt flug yfir Péturstorginu sneri hún við og hvarf enn á ný inn um gluggann.

Páfinn hló með börnunum og hafði greinilega gaman af öllu saman. ■

ÁKVEÐNAR DÚFUR

Páfinn hló með börnunum þegar dúfurnar flugu aftur inn um gluggann.



Syrgjandi faðir vill réttlæti eftir dótturmissi:

Dóttir mín var drepin og enginn gerir neitt



Ökumaðurinn var langt yfir 90 þar sem hámarkshraði er 35 en heldur þó prófinu

DV – hefur þú séð DV í dag?

Til skammar fyrir landið

Það er til skammar fyrir landið hve lítið íslenskir lækningar gera af því að tilkynna um aukaverkanir lyfja, segir Sif Ormarsdóttir lækni í sérfræðinefnd Evrópsku lyfjastofnunarinnar.

HEILBRIGÐISMÁL Tilkynningar um aukaverkanir gigtarlysins Vioxx hér á landi munu fara í sérstakan gagnabanka í Evrópusambandinu þegar fram líða stundir, að sögn Rannveigar Gunnarsdóttur forstjóra Lyfjastofnunar. Lyfið er ekki lengur á markaði.

Tilkynnt hefur verið um þrjá einstaklinga, sem fengu hækkaðan blóðþrýsting og útbrot af völdum lyfsins. Vitað er að tveir þeirra náðu sér, en ekki er vitað um þann þriðja, að sögn Rannveigar. Hún sagði, að viðkomandi lækni eða lækningar ættu að fylgja því eftir, því þeir bæru ábyrgð á sjúklingum sínum.

Varðandi aðstandendur tveggja sjúklinga sem höfðu samband við Lyfjastofnun vegna gruns um að sjúklingarnir hefðu skaðast af notkun á Vioxx sagði Rannveig, að Lyfjastofnun myndi ekkert gera í því máli. Ekki hefði borist formleg tilkynning, heldur hefði verið um nafnlausar fyrirspurnir að ræða.



TILKYNNINGAR

Tilkynningar um aukaverkanir gigtarlysins Vioxx fara í gagnabanka í Evrópusambandinu, ásamt upplýsingum um öll önnur lyf.

Viðkomandi hlutu að hafa haft samband við þá lækna sem komið hefðu að þeim tilvikum eða þá snúið sér til Landlækniseimbættisins ef um rökstuddan grun væri að ræða.

Rannveig sagði enn fremur, að stofnaður hefði verið sérstakur gagnabanki í Evrópusambandinu. Þangað bæri lyfjastofnunum að tilkynna alvarlegar aukaverkanir. Þessi gagnabanki væri ekki fullbúinn, en þegar það yrði myndi hann taka við slíkum upplýsingum um öll lyf. Aðalatriðið væri þó að safna upplýsingum um þau lyf sem væru á markaði og sem sjúklingar væru að nota. Ef fullsannað þætti að eitt-hvert lyf hefði ákveðnar aukaverkanir, væru þær settar inn í texta sem fylgdi lyfinu, læknum og sjúklingum til leiðbeiningar.

Sif Ormarsdóttir lækni, sem

sæti á í sérfræðinefnd Evrópsku lyfjastofnunarinnar, sagði að verið væri að athuga öll COX-2 hemlalyf in nánar með tilliti til aukaverkana, en Vioxx var í þeim flokki. Bandaríska lyfjastofnunin væri að vinna sömu vinnu innan sinna vébanda.

Sif sagði að sérfræðingar söfnuðu gögnum, meðal annars um aukaverkanir þessara lyfja. Sérfræðinefndin fengi þau síðan til umfjöllunar og ætti lokaorðið um meðferð mála hverju sinni. Með tilliti til þeirrar gífurlegru notkunar sem verið hefði á COX-2 lyfjum hér á landi, hefðu fáar tilkynningar um aukaverkanir borist.

„Það er almennt mjög lítið tilkynnt um aukaverkanir lyfja hér,“ sagði hún. „Það er hálfgerð vandamál og er til skammar fyrir landið.“

jss@frettabladid.is

Kúariða greindist í geit:

Ísland ekki í hættu

KÚARIÐA Evrópskir vísindamenn staðfestu á dögum að Creutzfeldt-Jakob sjúkdómurinn (kúariða) hefði í fyrsta sinn greinst í geit. Áður var talið að sjúkdómurinn legðist aðeins á kýr. Halldór Runólfsson yfirdýralæknir telur hættuna þó ekki mikla hérlendis.

„Mesta hættan vegna þessa er í löndum þar sem geitur eru mjólk-áðar. Við teljum ekki að þetta hafi nein áhrif hérlendis í sambandi við sauðfé.“

Ísland er vel stadd að þessu leyti því aldrei hefur komið upp kúariða hérlendis og ætti heldur ekki að koma upp í sauðfé. Ástæðurnar eru sennilega hversu eingrað landið er og auk þess eru innflutningsreglurnar afar strangar,“ sagði Halldór.

Ísland er eitt fjögurra landa sem hafa fengið góðan stimpil frá Alþjóða dýraheilbrigðisstofnun-



HALLDÓR RUNÓLFSSON
YFIRDÝRALÆKNIR

Hann telur litla hættu á að íslenskt sauðfé sé í hættu á að smitast af kúariðu. Hingað til hefur aldrei greinst kúariða í kúm á Íslandi.

inni fyrir að hafa alltaf verið laus við kúariðu. Hin löndin eru Argentína, Úrúgvæ og Singapur.

- bg

Himinn og hafr / SIA

Gegnheil gæði og gott verð




Mazda 3 T 5 dýra 1,6 l kostar aðeins


1.795.000 kr.

Kynntu þér fjölda freistandi tilboða! Sími 540 5400

RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Opið frá kl. 12-16 laugardaga

*Svið þú inn í svefninn
í RB rúmi*



Hjónarúm
180x200 cm
Verð frá kr.

74.100,-
án fylgihluta



Hjónarúm
160x200cm
Verð frá kr.

69.100,-
án fylgihluta

Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur.

Fjórir stíflleikar eru í boði; mjúk, medium, stíf og extra stíf, allt eftir þörfum hvers og eins. Framleiðum og hönnuðum rúm og springdýnur í öllum stærðum og gerðum ásamt því að sérsníða fyrir hótél og gististaði.


*Rúm og springdýnur eru framleidd
í öllum stærðum*



Sælurúm

Stærðir 80, 90, 120, 130
Lyftibúnaður fyrir höfuð og fætur ásamt nuddi
Práðlaus fjarstýring. Springdýna
Verð frá kr. 160.000

BETRI STOFAN



RAGNAR BJÖRNSSON ehf.

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.

Stofnað 1943

Dalshrauni 8

220 Hafnarfirði

Sími: 555 03 97

Fax: 565 17 40

www.rbrum.is

OPIÐ LAUGARDAGA FRÁ KL. 10-16



HÖGNI SAFNAR FÉ

Cat Stevens heldur í dag hljótleika í Jakarta, höfuðborg Indónesíu. Ágóðanum verður varið til aðstoðar þeim sem eiga um sárt að binda eftir fljóðbylgjuna í Asíu um jólin. Cat heitir ekki lengur Cat heldur Yusuf Islam.

SOCIALDEMOKRATÍET

Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn.

Úrslit kosninga 2001: 29,1%
 Þingmenn: 52
 Síðasta Gallup könnun: 25,2%
 Formaður: Mogens Lykketoft
 Fæddur: 9. janúar 1946
 Formaður nemendasamtaka jafnaðarmanna 1968
 Þingmaður 1981
 Formaður Jafnaðarmannaflokksins 2002

KOSNINGALOFORÐIN

• **Atvinnumál:** Fjölga störfum um 50.000 á þessu kjörtímabili, um 100.000 á næstu tíu árum.
 Stöðva útflutning á dönskum störfum.

Jafnaðarmannaflokkurinn:

„Saman til framtíðar“



• **Menntamál og rannsóknir:** Að fjárfesta í rannsóknum og menntun með 20 milljörðum á næsta ári, og meira á árunum þar á eftir. Verðlauna fyrirtæki sem bjóða starfsþjálfun. Taka af skólagjöld á endurmenntun fullorðinna.

• **Grunnskólar:** Efla grunnskóla með því að fjölga kennurum og veita fjármagn til endurnýjunar á bókum og tækjakosti. Alls veita sex milljörðum til verkefnisins. Taka sérstaklega á skólum sem eiga við mikið af félagslegum vandamálum að stríða.

• **Heilbrigðismál:** Átta milljarðar til að fjölga læknum og heilbrigðisstarfsfólki. Tryggja snegri afskipti vegna slysa og alvarlegra sjúkdóma. Yfirgripsmiklar sjúkrahúsumbætur.

• **Umhverfismál:** Stöðva niðurskurð núverandi stjórnar á náttúru og umhverfi. Bæta aðbúnað fyrir hreinna vatn.

• **Öldrunarmál:** Tryggja betri dvöl á dvalarheimilum. Að eldra fólk fái aðstoð sömu heimilishjálparinnar. Að taka peninga úr stjórnun og setja í umhyggju.



MOGENS LYKKETOFT

• **Barnafjölskyldur:** Tryggja að ekki verði greitt meira en 10.000 á mánuði fyrir dagvist. Að bæta við fimm milljörðum til að efla gæði dagvistar. Tryggja öllum börnum dagvist frá sex mánaða aldri.

Vinstri sósíalistar:
 „Lífið skal vera grænt og hjartað rautt“



SOCIALISTISK FOLKEPARTI

Vinstrisinnaður umhverfisverndarflokkur, nú í stjórnarandstöðu.

Úrslit kosninga 2001: 6,4%
 Þingmenn: 12
 Síðasta Gallup könnun: 7,0%
 Formaður: Holger K. Nielsen
 Fæddur 23. apríl 1950
 Formaður Vinstri sósíalista 1991

KOSNINGALOFORÐIN

• Vilja öruggan uppvöxt allra barna

• Tryggja framtíðina með menntun barnanna

• Vernda náttúru, jafnvægi þegar það gengur þvert á efnahagslega hagsmuni

• Manneskulegri umhyggju, því manneskjur eru mikilvægari en peningar.



HOLGER K. NIELSEN

Málefnið ekki í forgrunni

Rúm vika er þar til þingkosningar verða haldnar í Danmörku. Skoðanakannanir sýna að stjórnarflokkarnir haldi meirihluta sínum. Íraksstríðið hefur ekki orðið að kosningamáli.

STJÓRN MÁL Kosíð verður til þingkosninga í Danmörku 8. febrúar. Eftir því sem kemur fram í könnun Gallup, sem gerð var fyrir Berlingske Tidende fyrr í vikunni heldur núverandi stjórn meirihluta sínum, og fengju borgaralegu flokkarnir 100 þingmenn og hefðu 53,8 prósent atkvæða á bak við sig, en stjórnarandstaðan fengi 75. Þetta er í samræmi við aðrar kannanir sem birst hafa.

Venstre, frjálslyndur hægri flokkur, virðist nú stærsti flokkurinn í Danmörku og fengi um 32,5 prósent atkvæða. Það er aðeins meira en í kosningunum og kemur það sumum á óvart, sérstaklega þeim sem áttu von á að flokkurinn myndi líða fyrir andstöðu Dana við innrásina í Írak. Þó að Danir hafi hermenn í Írak, hefur það ekki orðið að stóru kosningamáli. Formaður flokksins, Anders Fogh Rasmussen

forsætisráðherra, þykir af mörgum meira aðlaðandi kostur en Mogens Lykketoft, formaður jafnaðarmanna. Hafa kosningar meðal annars verið kallaðar fegurðarsamkeppni þeirra á milli, í stað þess að vera kosningar um málefni. Jafnaðarmannaflokkurinn er stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn og er honum spáð um 25,2 prósent fylgi. Það er nokkuð minna fylgi en hann fékk í síðustu kosningum, þegar jafnaðarmenn fengu 29,1 prósent atkvæða.

Þrátt fyrir að vera ekki í stjórn, hefur Danski þjóðernisflokkurinn stutt núverandi stjórnarflokka og mun líklega gera það áfram.

Einnig hafa Kristilegir demókratar lýst því yfir að þeir muni styðja núverandi stjórnarflokka, en skoðanakannanir hafa ekki allar bent til þess að flokkurinn nái manni á þing.

svanborg@frettabladid.is

FORSÆTISRÁÐHERRA DANMÆRKUR

Anders Fogh Rasmussen þykir af mörgum meira aðlaðandi kostur en Mogens Lykketoft, formaður Jafnaðarmannaflokksins.



Venstre:

„Þá veistu að það er til einhvers“



Frjálslyndur hægri flokkur, er nú stærsti flokkurinn í ríkisstjórn.

Úrslit kosninga 2001: 32,1%
 Þingmenn: 56
 Síðasta Gallup könnun: 23,5%
 Formaður: Anders Fogh Rasmussen
 Fæddur 26. janúar 1953
 Formaður ungliðahóps Venstre 1974
 Varaformaður Venstre 1985
 Formaður Venstre 1998
 Forsætisráðherra 2001

KOSNINGALOFORÐIN

• **Menntamál:** Að Danir verði heimsmeistarar í þekkingu með því að bæta rúnum 100 milljörðum í rannsóknir og þróun.

• **Barnafjölskyldur:** Bæta hag barnafjölskyldna, með því að lækka dagvistunargjöld fyrir börn yngri en sex ára, auka barnabætur um 20.000 á ári og auka fjármagn til dagvistunarstofnana.

• **Heilbrigðismál:** Bætt sjúkrahús, með því að bæta 20 milljörðum við málaflokkinn á kjörtímabilinu. Bæta gæði sjúkrahúsa og stytta biðtíma.

• **Öldrunarmál:** Bætt umönnun eldra fólks, með því að bæta 5 milljörðum til málaflokksins árlega, og auka sveigjanleika í heimahjál.



ANDERS FOGH RASMUSSEN

• **Innflytjendamál:** Áframhaldandi hörð stefna í innflytjendamálum. Dvalarleyfum hefur verið fækkað um þriðjung síðan 2001. Þeirri stefnu verður haldið áfram.

• **Skattamál:** Áframhaldandi skattastopp. Skattar verða hvorki hækkaðir né lækkaðir, nema ef til þess myndast ráðrúm. Þá verða tekjuskattar lækkaðir.

• **Umhverfismál:** Betra umhverfi, meiri náttúra. Framlag til umhverfismála verður hækkað um milljarð á kjörtímabilinu.



Nýr opnunartími í verslun RV:
 Mánudaga til föstudaga
 frá kl. 8:00 til 18:00
 Laugardaga frá
 kl. 10:00 til 14:00

Bosíus kerti
 24,5 cm, 30 stk.

598.-




Lotus TexStyle dúkarúlla
 1,2 x 50 m

5.696.-



Lotus NexxStyle servíettur
 39 x 39 cm, 80 stk.

Verð frá
 276.-



Fyrir þorrablótið og árshátíðina

Dúkar, servíettur og kerti í miklu úrvali



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
 Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
 sala@rv.is • www.rv.is



„Kjarkur til að tengja hlutina saman“



Konservative

DET KONSERVATIVE FOLKEPARTI
Íhaldssamur flokkur, nú í ríkisstjórn.

Úrslit kosninga 2001: 9,1%
Þingmenn: 16
Síðasta Gallup könnun: 9,7%
Formaður: Bendt Bendtsen
Fæddur: Mars 1954
Þingmaður: 1994
Formaður íhaldsflokksins 2000
Efnahags- og atvinnuáráðgjafi 2001

KOSNINGALOFORÐIN

• **Skattamál:** Einstaklingsskattar eru of háir, þá þarf að lækka til

Íhaldsflokkurinn:

að skapa fleiri störf og launa þá sem vilja vinna meira, því eigi ekki að borga meira en 50% í skatt af aukavinnu. Vilja afnema hátekjuskatt.

• **Vitund og vöxtur:** Styrkja þekkingarsamfélagið með 100 milljarða króna framlagi til 2010.

Um síðastliðin áramót birti sjóðurinn áætlun sína fyrir árið 2005. Gert er ráð fyrir því að ný útlán sjóðsins verði tæpir 64 milljarðar króna á þessu ári. Stærsti hluti þess verður fjármagnaður með sölu íbúðabréfa en gert er ráð fyrir því að Íbúðalánasjóður gefi út íbúðabréf fyrir tæpa 55 milljarða á árinu. Umframgreiðslur Íbúðalánasjóðs er tengjast uppgreiðslum viðskiptavina sjóðsins eru áætlaðar um 65 milljarðar króna.

Nýliðið ár er umsvifamesta ár Íbúðalánasjóðs frá upphafi vega. Þær kerfisbreytingar á skuldbréfaútgáfu sjóðsins sem áttu sér stað í júní síðastliðnum leiddu til aukins svigrúms til raunvaxtalækkunar. Kerfisbreytingarnar hafa átt hvað stærstan þátt í raunvaxtalækkun undanfarinna mánuða, sem hafa skilað mikilli lækkun á árlegri vaxtabyrði heimilanna.

Raunvextir útlána sjóðsins hafa lækkað úr 5,10% fyrir kerfisbreytinguna niður í 4,15% í lok 2004 eða um tæpt eitt prósentustig.

Með skipulagsbreytingunni hefur Íbúðalánasjóður einnig lækkað þóknunir um hundruð milljóna króna sem fjármálakerfið tók áður til sín af viðskiptavinum Íbúðalánasjóðs við verðbréfa viðskipti með húsbref.

Nýtt skipulag við greiðslumat og lánsúmsóknir tók gildi í byrjun desember. Viðskiptavinir sjóðsins geta nú sjálfir gert sitt eigið greiðslumat, í gegnum www.ibudalan.is, þeim að kostnaðarlausu í stað þess að kaupa slíka þjónustu af bönkunum eins og áður tíðkaðist.

Þessi breyting hefur einfaldað mjög lánsúmsókniferli sjóðsins og mun í framtíðinni spara

viðskiptavinum tugi milljóna króna í beinan og óbeinan kostnað.

Í áformum Íbúðalánasjóðs um hófsama hækkun hámarkslána og 90% veðsetningarhlutfall var til lit tekið til fasteignamarkaðarins og stöðu íslensks efnahagslífs. Innkoma banka og sparisjóða á fasteignalánamarkað hefur hins vegar leitt til hækkunar á fasteignaverði og auknið þrýsting á verðbólgu. Sveitarfélögin, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, gætu þó með samstilltu átaki mildað þessi áhrif með aukinni lóðaúthlutun.

Höfundur er sviðsstjóri þróunar- og almannatengslasviðs Íbúðalánasjóðs.

Nýtt!

Loftþreinsitæki

hreinsar loftið, eyðir lykt og drepur sýkla

Kröftugt jónastreymi

Gefur frá sér mínus hlaðnar jónir sem hjálpa til við að eyða m.a. ryki, mengun, veirum og frjódufti. Heldur herbergisloftinu hreinu og bætir heilsuna.

Bakteríudrepandi útfjólublár lampi

Útfjólubláa ljósið drepur ýmsa sýkla og bakteríur og eyðir lykt (t.d. reykinga- og matarlykt)

Kröftug ryksöfnun

Ryðfrí stálblöð safna á sig ryki og öðrum óhreindum í stað hefðbundins filters.

Þrjú skref

HI, MED og LOW stillingar og Turbo stilling fyrir mismunandi aðstæður. (Blá ljós sýna stillingu).

Gaumljós

Ljós sýna hvort þrifa þarf stál blöðin eða hvort tækið þarfnast annars viðhalds.

Mikill orkusparnaður


Vegna orkusparandi hönnunar notar tækið aðeins 28W/klst.

Upplýsingar í síma 511 1001

Opið frá 10.00 til 18.00

ECC

ECC ehf
Skúlagötu 17
101 Reykjavík
Sími 511 1001
ecc@ecc.is
www.ecc.is



Bush þrengir að opinberri umhverfisstofnun

BALDUR ARNARSON
SKRIFAR UM UMHVERFISSTEFNU
BANDARÍKAJAFORSETA

Umdeild afstaða George Bush Bandaríkjaforseta til umhverfismála kemur ef til vill hvergi skýrar fram en í árásum hans á umhverfisverndarstofnunina Environmental Protection Agency (EPA). Árásir forsetans á sjálfstæði stofnunarinnar hófust í árslok 2000 með skipun Christine Whitman í stöðu yfirmanns EPA. Skipunin var umdeild enda þótti Whitman hafa dregið taum mengunarvalda þegar hún var ríkisstjóri New Jersey á síðasta áratug. Ástæðan fyrir skipun Bush á Whitman í embætti kom svo í ljós þeg-

ar hún rak Robert Martin úr stöðu sjálfstæðs umboðsmanns EPA, en umhverfissinnar höfðu talið hann öflugan og óháðan málsvara lítilmagnans í deilumálum við mengunarvalda. Þá hefur Bush dregið verulega úr fjárframlögum til EPA með þeim afleiðingum að stofnunin getur nú ekki lengur sinnt hefðbundnu mengunareftirliti sínu. Enn fremur hefur forsetinn skaðað trúverðugleika EPA með því að skipa þar í embætti einstaklinga sem hafa verið drjúgum hluta starfsævi sinnar í að berjast gegn umhverfisvernd, á borð við ráðningu forsetans á David Bernhardt, fyrrum talsmanni olíuvinnslufyrirtækja, í áhrifastöðu hjá stofnuninni.

Vegna þrýstings stuðningsmanna Bush hefur EPA einnig þurft að fella í burtu efnisgreinar úr skýrslum um áhrif loftmengunar á veðurfar, en þessi umdeildu afskipti hófust eftir að skýrsla EPA til Sameinuðu þjóðanna í júní 2002 staðfesti að loftslag færi hlýnandi á jörðinni vegna mengunar. Útgáfa skýrslunnar, sem var 268 síður og samin af ýmsum af færustu sérfræðingum Bandaríkjaanna á þessu sviði, vakti reiði forsetans sem sagði aðspurður um niðurstöður hennar í fyrirliðningartón: „Ég hef lesið skýrsluna sem kom frá bírókratunum.“ Svar forsetans sætti harðri gagnrýni vísindamanna um allan heim, nokkru áður en Ari Fleischer, þáverandi tals-

maður Hvíta hússins, tilkynnti að forsetinn hefði ekki lesið hana. Aðstoðarmenn forsetans, með varaforsetann Dick Cheney í broddi fylkingar, brugðust við með því að ganga úr skugga um að EPA myndi ekki endurtaka mistök. Þannig þvinguðu þeir EPA til að taka úr árlegri skýrslu um loftmengun, sem kom út í september 2002, efnisgreinar sem fjölluðu um áhrif loftmengunar á loftlagsbreytingar. En að auki var samskonar umfjöllun tekin úr skýrslu EPA sem kom út í júní árið eftir. Í staðinn stungu þeir upp á að settar yrðu inn efnisgreinar úr skýrslu á vegum stofnunarinnar American Petroleum Institute, þar sem efast var um niðurstöður þekktrar

skýrslu frá árinu 1999 um að loftslag hefði farið hlýnandi á jörðinni vegna mengunar. Whitman hafnaði uppástungu félaganna, en um líkt leyti og skýrslan kom út lak starfsmaður EPA minnisblaði til New York Times þar sem sagði meðal annars að skýrslan endurspegluði ekki almennt álit vísindamanna á áhrifum loftmengunar á loftlagsbreytingar. Stuttu síðar lét Whitman af störfum. Eftirmaður hennar var Mike Leavitt, fyrrum ríkisstjóri repúblikanaflokksins í Utah, en hann þykir hafa fylgt harðri línu forsetans í umhverfismálum, einkum á sviði loftmengunar.

Höfundur stundar háskólanám í Ástralíu.

AF NETINU

Trúverðugleiki fréttamanna

Allar fréttastofur byggja tilveru sína á trúverðugleika. Þegar hann bíður hnekkir er tjónið tilfinnanlegt og langvarandi. Fjölmiðlar munu aldrei geta rækt hið mikilvæga hlutverk sitt í lýðræðislegu samfélagi ef eitthvað vantar upp á fagmennsku í störfum þeirra. Vonandi verður mál Róbert Marshalls og fréttastofu Stöðvar 2 til þess að efla fagmennsku í íslenskum fjölmiðlum og vönduð vinnubrögð verði höfð að leiðarljósi í enn ríkari mæli en tíðkast hefur til þessa.

Borgar Þór Einarsson á deiglan.com

Efasemdir um ríkisútvarp

Spyrja má: Er ríkisvaldið í raun að stuðla að bestu þjónustu í fjölmiðlum með því að halda ríkisútvarpinu úti? Hvaða hagsmunir eru verið að verja með því að reka ríkisútvarpið? Ég hef ekki verið talsmaður þess, að ríkið drægi sig út úr útvarpsrekstri. Ég tel hins vegar æskilegt að ræða málið, án þess skrífa til skiptis frá heita og kalda krananum.

Björn Bjarnason á bjorn.is

Hvað gerum við?

Það er okkur því hollt að lita til þeirra atburða sem eru að gerast allt í kringum okkur í dag, 60 árum síðar. Pyntingar bandamanna okkar á föngum í nafni stríðs gegn hryðjuverkum. Hermenn sem þvo hendur sínar af verkunum með því að vísa til þess að þeir séu að hlýða skipunum yfirmanna sinna. Þetta hljómar allt svo skelfilega kunnuglega. Og hvað gerum við?

Olav Veigar Davíðsson á sellan.is

Niðurgreiðsla á getnaðarvörnum

Getnaðarvarnir eru ótrúlega dýrar og óþolandi að það að hugsa skynsamlega um heilbrigði sitt og framtíð sé því lík blóðtaka fyrir fólk. Ég legg til að virðisaukaskatturinn af þessum vörum verði a.m.k. lækkaður það tel ég þó duga skammt. Best þætti mér að getnaðarvarnir væru niðurgreiddar af ríkinu. Segjum að getnaðarvarnarlyf falli í B greiðsluflokk lyfja. Þar verði svo búinn til nýr greiðsluhópur í tengslum við kaup á getnaðarvarnarlyfjum. Þessi hópur gæti nefnst ungmenni t.d. 25 ára og yngri sem falla þá í sama greiðsluflokk og ellí- og örorkulífeyrisþegar. Það er að ungmenni greiði fyrstu 600 krónurnar af hverri lyfjaávisun og svo 50% af kostnaði umfram það þó aldrei meira en 1050 krónur.

Elín Birna Skarphéðinsdóttir á politik.is

Gera eitthvað róttækt

Ungmenni sem þjást af geðrænum vandamálum eða geðröskunum geta þjást af þeim í langan tíma og jafnvel alla ævi. Því getur biðin eftir aðstoð verið bæði hættuleg einstaklingunum sjálfum og öðrum. Barna- og unglíngageðdeild er 3. stigs stofnun þar sem öll hugsanleg úrræði fyrir einstaklinga hafa verið prófuð áður en leitað er þangað. Það gefur því auga leið að löng bið getur aukið vandann verulega. Nauðsynlegt er að gera einhvað róttækt í þessum málum og veita börnunum og unglíngum þá þjónustu sem þau þurfa. Því börn Íslands eru framtíð þess.

Sesselja Dagbjört Gunnarsdóttir á frelsi.is

40.000 LÆKKUN
TAKMARKAÐ MAGN FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

1.7 GHz Dothan

1.7GHz DOTHAN INSPIRE 8600

MED 1GB Í VINNSLUMINNI OG 80GB HARÐAN DISK

INTEL CENTRINO Intel Centrino Dothan er með 2MB flytíminni og er allt að 30% hraðvirkari en eldri Centrino tækni	BREIÐTJALDSSKJÁR 15.4" Breiðtjaldsskjár sem skilar skarprí 1680x1050 WSXGA upplausn í milljónum lita	8xDVD SKRIFARI Hágæða 8x hraða DVD skrifari til að skrifa heilu bíómyndirnar á DVD disk eða tónlist á CD disk	RADEON 9600PRO Mobility Radeon 9600 skjákerfi er með sjálfstætt 128MB DDR minni og eitt öflugasta í dag	TILBÚIN Í ALLT Dell Inspiron 8600 kemur með 1GB af vinnsluminni og 80GB harðdisk og er því klár í alla þingri vinnslu	DELL GÆÐI Í GEGN Dell tölvur eru þekktar fyrir einstök gæði og öryggi, og hafa staðist ströngustu gæðakröfur
--	--	---	---	---	--

Örgjörvi	1.7GHz Intel Pentium M - 2MB
Vinnsluminni	Intel Centrino með 2MB flytíminni
Harðdiskur	1GB 333MHz DDR
Skjákerfi	Stækkanlegt í 2GB
Skjár	80GB Ultra ATA100
DVD Skrifari	5400 RPM hraður og hljóðlátur
Hátalarar	128MB ATI Radeon 9600Pro
Netkort	Magnað 3D skjákerfi með TV-út
Práðlaust	15.4" WSXGA TFT Active Matrix
Stýrikerfi	1680x1050dpi og 16milljón litir
Rafhlaða	8x DVD + RW geislaskrifari
	Les og skrifar DVD og CD diska
	Innbyggðir stereo hátalarar
	Einnig innbyggður hljóðnemi
	10/100 base netkort, Bluetooth
	Og 56K módem innbyggj
	54Mbps þráðlaust netkort
	Intel PRO Wireless 2200 802.11g
	Windows XP PRO
	Á íslensku eða ensku, þitt er valið
	Lithium-ion, 9-Cell, 72Whr
	Skilar allt að 3,5 tíma endingu

199.900

ÖLL HELSTU TÖLVUKAUPALÁN ÁSAMT VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUM TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA

Tölvulistinn • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730
Tölvulistinn • Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400

MAHALIA JACKSON (1911-1972) var borin til grafar þennan dag.



„Það er auðvelt að vera sjálfstæður ef maður er fjáður. En að halda sjálfstæðinu þegar maður er allslaus, þannig prófar Drottinn mann.“

- Aretha Franklin söng í útför Mahalíu Jackson sem af mörgum er talin einn fremsti gospelsöngvari sem uppi hefur verið. Hún er óumdeilanlega einn þekktasti söngvari þeirrar tegundar tónlistar og náði frama í sjónvarpi, útförum og í tónleikahaldi.

Tímamót

timamot@frettabladid.is

ANDLÁT

Ragnar Karlsson lést þriðjudaginn 18. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jakobína Soffía Grímsdóttir, Háteigsvegi 9, Reykjavík, lést föstudaginn 21. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Anna Garðarsdóttir, Vorsabæ 3, Reykjavík, lést laugardaginn 22. janúar.

Sigurður Baldursson, hæstaréttarlögmaður, lést föstudaginn 28. janúar.

Steinunn Guðmundsdóttir, fv. prentsmiðjustjóri, lést á Sólvangi, Hafnarfirði, föstudaginn 28. janúar.

JARÐARFARIR

11.00 **Sigurjón Oddsson Sigurðsson**, verkstjóri hjá Vegagerðinni, Holtateigi 3, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

13.00 **Elma Nína Þórhárdóttir**, Espigerði 6, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Ólöf Anna Ólafsdóttir**, frá Ísafirði, Sæviðarsundi 15, Reykjavík, verður jarðsungin frá Langholti.

14.00 **Gylfi Árnason**, Snægili 30, Akureyri, verður jarðsunginn frá Gleráarkirkju.

14.00 **Heiðar Rafn Baldvinsson** verður jarðsunginn frá Grenivíkurkirkju.

14.00 **Kristján Ísfeld**, Jaðri, Hrutáfirði, verður jarðsungin frá Staðarkirkju í Hrutáfirði.

15.00 **Guðrún Lilja Ísberg**, hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, áður Efstaleiti 10, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

PETTA GERÐIST

Apollo 14 skotið til tunglsins

Þennan dag árið 1971 var Apollo 14 skotið á loft frá Canaveral höfða í Flórída í Bandaríkjunum, en um borð voru geimfararnir Alan B. Shepard Jr., Edgar D. Mitchell og Stuart A. Roosa. Ferðinni var heiðið til tunglsins.



31. JANÚAR 1971 Áhöfn Apollo 14, frá vinstri: Stuart Roosa, Alan B. Shepard, Jr. og Edgar Mitchell.

Þann fimmta febrúar, eftir að hafa lent í nokkrum erfiðleikum við tengingar hluta tunglfarsins og íverustöðvar um borð, héldu geimfararnir Shepard og Mitchell

út á yfirborð tunglsins, en þetta var þriðja landingin á tunglinu á vegum Bandaríkjamanna. Þegar Shepard steig á tunglið varð hann þar með fimmti geimfarinn til að ganga þar um. Hann var hins vegar fyrsti Bandaríkjamadurinn til að halda út í geim árið 1961 um borð í Freedom 7 flauginni, nokkru á

höldnu aftur til jarðar. Með ferðinni var aftur tekinn upp þráðurinn í tunglferðum á vegum NASA eftir að við stórslysi lá í för Apollo 13 farsins. Rannsóknir sem átti að framkvæma í þeirri för voru færðar nánast án breytinga yfir á för Apollo 14.

eftir rússneska geimfararum Júri Gagarín sem var fyrstur. Shepard og Mitchell héldu til á yfirborði tunglsins í næstum 34 klukkustundir og framkvæmdu einfaldar vísindatilaunir. Þar á meðal var tilraun sem fólst í að slá golfkúlum út í geiminn með golfkylfu Shepards. Þá söfnuðu þeir jarðvegsýnum, alls 43,5 kílóum af grjóti. Níunda febrúar lauk svo geimferðinni þegar farið sneri heilu og

TÍMAMÓT: FYRSTU TILRAUNASENDINGAR ÚTVARPS

Útvarpið í landvinninga

„Við minnumst Ottós B. Arnar og frumkvöðlastarfs hans á sviði útvarpunar með hlýhug á þessum tímamótum,“ segir Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri, en 31. janúar árið 1926 hófst útvarpsrekstur hér á landi í fyrsta sinn með tilraunaútsendingum H.f. útvarps. Formaður félagsins var Lárus Jóhannesson lögfræðingur en stjórnandi útvarpsins og aðalhvátamaður var Ottó B. Arnar símfærðingur. Fyrsta útsendingin var frá messu í Fríkirkjunni í Hafnarfirði, en tveim dögum síðar urðu þeir Árne Jónsson frá Múla, faðir Jóns Múla og Jónasar, og Símon Þórðarson frá Hóli, faðir Guðrúnar Á. Símonar, fyrstir til að syngja í íslenskt útvarp þegar þeir kyrdju nokkra glúnta, en það eru tví söngvar fyrir baritón og bassa.

„Ef litid er til baka er nú erft að átta sig á hvað Ottó Arnar sá langt inn í framtíðina,“ sagði Markús Örn í spjalli um þróun ljósvakamiðlanna frá þeim tíma. „Hann hafði, ef ég man rétt, verið úti í Bandaríkjunum og kynnt þeirri þróun sem þar átti sér stað í að senda út tilbúið dagskrárefni, í stað þess að þetta væri fyrst og fremst boðleið fyrir símskeyti eða annan boðflutning.“

Markús rifjaði upp að lengi vel hefðu Íslendingar verið nokkrum skrefum á eftir í fjaraskiptaþróuninni, svo sem í að taka upp sjónvarpsendingar. „Hins vegar



MARKÚS ÖRN ANTONSSON Útvarpsstjórinn hlustar eftir ómum fortíðar í anddyri Útvarphússins í Efstaleiti í Reykjavík, en þar er safn gamla viðtækja.

erum við miklu nær þessu öllu núna og skemmtilegt að sjá hvernig við fylgjum miklu betur og erum jafnvel á undan meginstraumum í tækniþróuninni, svona eins og í internetnotkun,“ segir hann og bendir á að nú séu miklar breytingar fyrir dyrum í ljósvakamiðlun. „Það er verið að taka upp stafrænar útsendingar, framboð á rásum eykst og núna erum við á Ríkisútvarpinu, í samstarfi við ríkisútvarps- og sjónvarpsstöðvar á Norðurlöndum, að velta fyrir okkur hver hlutur þessara almannaþjónustustöðva verður með tilliti til tækniþróunar. Við viljum og ætlum okkur að sækja um að vera með í öllum þessum miðlum sem þróunin gerir mögulega.“ Þannig segir Markús að Ríkisútvarpið vilji vera með efnisveitur fyrir nýja kynslóð farsíma fyrir hluta sjónvarpsdagskrár eða aðra myndmiðlun. „Svona mætti lengi telja.

Við höfum haft að leiðarljósi að vera alls staðar,“ segir hann og vísar þar bæði til internets og farsíma.

Þá segir Markús að verið sé að skoða möguleika sem felast í gagnvirku sjónvarpi og telur ekki útilokað að með slíkri viðbótargjöfnustu geti orðið til tekjustofn fyrir Útvarpið við hlið auglýsingategna og afnotagjalds. „Þetta væri möguleiki sem maður gæti séð í myndinni varðandi fjármögnun á annarri starfsemi hjá Ríkisútvarpinu, ef við teljum ákveðin takmörk fyrir því hvað langt megi ganga í innheimtu afnotagjalda,“ sagði Markús og taldi einnig fyrirséð að Ríkisútvarpið myndi áfram vera á auglýsingamarkaði þar sem opinber framlög yrðu aldrei hækkðu sem næmi þeim tekjustofni. „En við gætum hins vegar bætt við með því að selja í gagnvirku sjónvarpi.“ ■

AFMÆLI

Valgarð Briem lögmaður er áttræður í dag.



Elin Pálmadóttir blaðamaður er 78 ára í dag.



Harpa Njalsdóttir félagsfræðingur er 59 ára í dag.

Ágúst Ingi Jónsson blaðamaður er 54 ára í dag.



Jakob F. Ásgeirsson rit höfundur er 44 ára í dag.

Marín Manda Magnúsdóttir, fatahönnuður og módel, er 26 ára í dag.

FÆDDUST ÞENNAN DAG



1797 Franz Schubert, tónskáld.

1935 Oe Kenzaburo, rithöfundur og nóbelsverðlaunahafi.

1937 Philip Glass, mínimalískt nútímatónskáld.



1937 Suzanne Pleshette, leikkona.

1956 John Lydon, öðru nafni *Johnny Rotten*, úr Sex Pistols.

1961 Lloyd Cole, tónlistarmaður og Íslandsvinur úr Lloyd Cole & the Commotions.

1971 Minnie Driver, leikkona.



Ástkræ móðir okkar, tengdamóðir og amma, **Ingibjörg Porleifsdóttir**

Álfaborgum 15, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 24. janúar. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 1. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Umhyggju, samtök langveikra barna, kt. 690186-1199, banki 0101 15 371646.

Fyrir hönd aðstandenda, Sigþór Guðjónsson.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærers eigmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa, **Ingólfs Arnar Porkelssonar**

fyrirverandi skólameistara.

Sérstaklega þökkum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir frábæra umönnun og ómetanlegan stuðning.

Rannveig Jónsdóttir, Jón Arnar Ingólfsson, Porkell Már Ingólfsson, Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, Karl Emil Gunnarsson og barnabörn.

Trésmiðja GKS verðlaunuð


Trésmiðja GKS að Funahöfða 19 í Reykjavík hlaut fyrir helgina viðurkenningu Trésmiðafélags Reykjavíkur fyrir góðan aðbúnað á vinnustað. Í tilkynningu Trésmiðafélagsins kemur fram að síðustu vikur hafi aðbúnaðarnefnd félagsins verið að störfum og skoðað ýmis fyrirtæki. Að þessu sinni var sjónum aðallega beint að útivistastöðum. „Öll aðstaða s.s. kaffistofa, hreinlætisaðstaða og fatageymsla er til mikillar fyrirmyndar. Öll umgengni á vinnustaðinu sjálfu góð, notkun persónuhlífa og öryggisatriða til fyrirmyndar,“ sagði nefnd Trésmiðafélagsins um Trésmiðju GKS.

Í tilkynningu kemur fram að aðbúnaðar- og öryggismál hafi um langa hríð verið eitt af baráttumálum Trésmiðafélagsins. „Með samstilltu átaki félagsins, Vinnueftirlits ríkisins og annarra aðila hefur ástand aðbúnaðar, umgengni á vinnustað og öryggisþátta batnað á undanföllum árum til muna,“ segir þar, en eitt af því sem gert hefur



VERÐLAUNIN AFHENT Guðmundur Ingi Guðmundsson, formaður aðbúnaðarnefndar, afhendir Arnari Aðalgeirssyni, fulltrúa Trésmiðju GKS, viðurkenninguna.

verið til að vekja athygli á aðbúnaðar- og öryggismálum byggingamanna er að veita fyrirtæki sem skarar framúr í þeim efnum viðurkenningu fyrir skilning sinn og framtakssemi. Fyrsta viðurkenningin var veitt árið 1985 og hefur verið árlegur viðburður frá þeim tíma, að undanskildu árinu 1997 þegar ekki fannst nokkurt fyrirtæki sem aðbúnaðarnefnd félagsins taldi viðurkenningarvert. ■



Búum til fleiri fræga Íslendinga!

Alþjóðlega tónlistarhátíðin Iceland Airwaves sem Icelandair setti á laggirnar hefur skapað íslensku tónlistarfólki ný og spennandi tækifæri.

Icelandair stendur að ferðasjóðnum Reykjavík-Loftbrú sem 490 íslenskir tónlistarmenn hafa nýtt til að koma sér á framfæri erlendis.

Á Íslensku tónlistarverðlauninum á miðvikudag verða veitt útrásarverðlaun Reykjavík-Loftbrú en sigurvegarar á síðasta ári voru piltarnir í Mínus.





TÖLFRÆÐI ÍSLANDS

MÖRK ÍSLENSKA LIÐSINS

Guðjón Valur Sigurðsson	31/1
Ólafur Stefánsson	25/13
Róbert Gunnarsson	19/4
Alexander Petersson	18
Markús Máni Michaelsson	16
Einar Hólmgeirsson	14
Dagur Sigurðsson	7
Arnór Atlason	7/4
Vignir Svavarsson	6
Logi Geirsson	4/1
Ingimundur Ingimundarson	3
Einar Örn Jónsson	2
Vilhjálmur Halldórsson	2

VARIN SKOT ÍSLENSKA LIÐSINS

Roland Valur Eradze	41/2 (34%)
Birkir Ivar Guðmundsson	40/2 (46%)
Hreiðar Guðmundsson	10 (36%)

BESTA SKOTNÝTING*

Ingimundur Ingimundarson	100%
Vignir Svavarsson	85,7%
Markús Máni Michaelsson	76,2%
Róbert Gunnarsson	68,2%
Guðjón Valur Sigurðsson	68,2%
Einar Örn Jónsson	66,7%
Alexander Petersson	60,0%

FLESTAR STÖÐSENDINGAR

Ólafur Stefánsson	34
Dagur Sigurðsson	18
Markús Máni Michaelsson	10
Arnór Atlason	8
Alexander Petersson	8
Guðjón Valur Sigurðsson	6
Einar Hólmgeirsson	6

FLEST FISKUÐ VÍTI

Róbert Gunnarsson	11
Guðjón Valur Sigurðsson	8
Markús Máni Michaelsson	3
Ólafur Stefánsson	3
Alexander Petersson	2



FLEST VARIN SKOT Í VÖRN

Markús Máni Michaelsson	7
Vignir Svavarsson	7
Ólafur Stefánsson	3
Róbert Gunnarsson	3

FLESTIR FENGNIR BROTTREKSTRAR A MÖTHERJA

Guðjón Valur Sigurðsson	10
Róbert Gunnarsson	5
Einar Hólmgeirsson	4
Alexander Petersson	3

FLESTIR BROTTREKSTRAR

Vignir Svavarsson	7
Einar Hólmgeirsson	5
Markús Máni Michaelsson	4
Alexander Petersson	3
Róbert Gunnarsson	3

FLESTIR TAPADIR BOLTAR

Ólafur Stefánsson	10
Dagur Sigurðsson	6
Markús Máni Michaelsson	6
Einar Hólmgeirsson	5
Róbert Gunnarsson	5



LENGSTI SPILATÍMI

Ólafur Stefánsson	4:25:31
Guðjón Valur Sigurðsson	4:17:50
Alexander Petersson	3:35:45
Markús Máni Michaelsson	3:22:48
Einar Hólmgeirsson	2:39:04
Róbert Gunnarsson	2:37:53
Dagur Sigurðsson	2:33:12

Liðið féll á varnarleiknum á þessu móti



SPÁÐ Í SPILIN
ÍSLAND ENDAÐI Í 15.
SÆTI Á HM Í TUNIS SEM
LAUK HJÁ ÍSLENSKA
LIÐINU UM HELGINA.

GEIR SVEINSSON
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Varnarleikurinn: „Það er alveg ljóst að liðið fellur á varnarleiknum á þessu móti. Hann var illa skipulagður og mér fannst liðið einfaldlega ekki klárt til að spila vörn. Það var hreinlega ekki lagt nógu mikið upp úr varnarleiknum sem kemur kannski ekki á óvart þegar Viggó á í hlut. Hans heimspeki gengur frekar út á að skora einu marki meira en andstæðingurinn en það er mín skoðun að leikir vinnast ef lið fá á sig einu marki færri en andstæðingarnir. Ég held að markvarslan hafi verið þokkaleg, í það minnsta miðað við undanfarin stórmót en það sýnir sig að hún þarf að vera mun betri ef liðið ætlar að komast á meðal bestu liðanna. Markvörðunum var samt vorkunn því vörnin var afar slök. Þessi 3:3 vörn hans Viggó var dauðadæmd frá byrjun því það þarf gríðarlega öflugan mann í hjarta varnarinnar til að spila þessa vörn og þann mann eigum við ekki í dag.“

Sóknarleikurinn: „Styrkur Viggós liggur í sóknarleiknum og ég held að

hann geti verið þokkalega sáttur við hann á mótinu. Það er ekki hægt að kvarta yfir því að skora um þriðju mörk að meðaltali í leik. Ég átti samt von á því að sjá meira skipulag í sóknarleiknum, skarpari línur. Það má líka skoða það að íslenska liðið fékk mjög margar sóknir á mótinu vegna þess hversu lélega vörn liðið spilaði. Það hjálpaði til þegar liðið er á mörkin sem skoruð voru. Viggó treysti á Dag og ef hann er að fara fram á að hann stjórni leiknum en skori ekki eða ógni mikið þá var Dagur að standa fyrir sínu. Ég tel það hins vegar hafa verið mistök að taka ekki Snorra Stein með því hann er kominn með mikla reynslu.“

Þjálfarinn: „Viggó átti að gera sér betur grein fyrir veikleikum sínum sem þjálfari. Ég held að hann hafi gert mistök með því að ráða Bergsvein sem aðstoðarmann sinn. Ég segi þetta með fullri virðingu fyrir Bergsveini en hann hefði nýst betur sem markvarðþjálfari eingöngu. Viggó var með háleit markmið fyrir mótið, sýndi mikinn metnað og stefndi á eitt af sex efstu sætum. Hann misreiknaði sig illilega og ég held að hann hafi færst fullmikið í fang. Viggó þarf að svara þeirri spurningu hvort hann hafi verið að ná því besta út úr mannskapnum. Að mínu mati var hann ekki að gera það. Varnarleikurinn hefði getað verið betri og sú stað-

reynd að liðið var ekki á meðal tólf efstu segir okkur að honum tókst það ekki.“

Leikmenn: „Ungu strákarnir stóðu upp úr. Mér fannst tveir óreyndir leikmenn, Markús Máni Michaelsson og Alexander Petersson, standa sig frábærlega vel. Arnór Atlason sýndi að hann á vel heima í þessum hópi og Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson skiluðu sínu. Markverðirnir komust einnig ágætlega frá sínu. Einar Örn Jónsson fann sig ekki og Ólafur Stefánsson hefur oft verið betri. Ég held að það hafi ekki verið spurning um líkamlegt eða handboltalegt form hjá honum heldur að hann hafi ekki verið tilbúinn andlega. Það er eins og það hafi verið rétt sem hann sagði eftir ólympíuleikana að hann væri orðinn leiður. Hann var ekki hungraður. Mér fannst hins vegar leikmenn leggja sig alla fram en samæfing-

in var ekki til staðar.“

Niðurstaða mótsins: „Það eru vonbrigði en ekki alls enginn heimsendir að komast ekki áfram í milliriðla. Það versta er að við getum hugsanlega endað sem B-þjóð en mér sýnist við sleppa fyrir horn í þetta skiptið. Við megum hins vegar ekki við annari slakri keppni. Þá getur farið fyrir okkur eins og Norðmönnum sem hafa verið með frábært landslið undanfarin ár án þess að komast á stórmót. Það tekur lið oft langan tíma að komast á meðal þeirra bestu eftir að hafa dottið út.“

Hvað tekur við? „Ég hef mikla trú á Viggó sem þjálfara og tel hann vera fullfæran um að koma Íslandi á meðal átta bestu landsliða heims eins og markmið HSI er. Það verða varla miklar breytingar á liðinu á næstunni. Dagur er reyndar að hugsa sín mál en Ólafur ætlar að halda áfram sem er auðvitað mjög gott. Viggó þarf að finna öfluga varnarmann og reyna að sníða vörnina að þeim leikmönnum sem hann hefur. Það er fullt af ungum mönnum í liðinu sem geta náð mjög langt. Það býr fullt í þessu liði og nú er það Viggós að ná því besta út úr liðinu.“



www.landover.is



FARÐU ALLA LEIÐ



Komdu í reynsluakstur!

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 3
Verð frá kr. 5.480.000



LEIKIR GÆRDAGSINS

Enski bikarinn

OLDHAM-BOLTON 0-1
0-1 Ricardo Vaz Te (9).

CHELSEA-BIRMINGHAM 2-0
1-0 Robert Huth (6.), 2-0 John Terry (80).

Tólf lið, Southampton, Arsenal, Blackburn, Burnley, Charlton, Everton, Newcastle, Nottingham Forest, Leicester, Manchester United, Chelsea og Bolton, hafa tryggt sér sæti í fimmtu umferð ensku bikarkeppinnar. Aðeins þrjú af þessum liðum spila í ensku 1. deildinni en níu koma úr úrvalsdeildinni.

Aukaleikir í enska bikarnum
HARTLEPOOL-BRENTFORD
FULHAM-DERBY
TOTTENHAM-WEST BROM.
SHEFF. UTD-WEST HAM

Algjör bylting í íslenskrí sundsögu

Alþjóðlegt sundmót Ægis fór fram í nýju 50 metra innlauginni í Laugardal og var það samdóma álit þeirra að aðstæður væru hinar glæsilegustu.

SUND. Landsbankamót Ægis - Reykjavík International var háð í nýju og glæsilegu húsnæði í Laugardal um helgina og heppnast mjög vel.

Aðstandendur keppinnar eru allir á einu máli um að mótið marki tímamót í íslenskrí sundsögu, aldrei áður hafi verið keppt hérlandis við eins góðar aðstæður og um helgina. Laugin fékk góða



ÖRN ARNARSON BYRJADUR Á NÝ Örn Arnarson er að komast á skrið á nýjan leik og vann öruggan sigur í 50 metra skriðsundi og 100 metra flugsundi á mótinu um helgina. Fréttablaðið/Pjetur

dóma frá keppendum sem sögðu laugina mjög hraða og er það talið öruggt merki um að vel gangi í framtíðinni að lokka hingað sterka sundmenn til að keppa á mótinu.

Frægasti keppandinn á mótinu hefur sennilega verið sænska sunddrottningin Theresa Alshammar, en hún vann öruggan sigur í 50 metra flugsundi.

Örn Arnarson er eins og kunnugt er farinn að synda á fullu á ný eftir mikil meiðsli og vann hann nokkuð öruggan sigur í 50 metra skriðsundi og 100 metra flugsundi.

Keppendurnir komu víðsvegar að frá Evrópu og voru 270 erlendir sundmenn á mótinu frá Norðurlöndunum og einnig var hér hópur frá Lúxemborg. Erlendu keppend-

urnir á mótinu voru allir hæstánægðir með mótið og nýju laugina og segjast vel geta hugsað sér að koma aftur að ári á mótið sem hefur verið haldið síðan 1989.

Guðmundur Harðarson sundsérfræðingur segir muninn á því að halda mótið í nýju 50 metra lauginni gríðarlegan, en því fylgi líka aukin umsvif.

„Í hvern mótshluta í þessari laug þarf um 26 dómara, 8 tíma-verði og annað starfsfólk svo að líklega starfa að þessu móti um 55-60 manns. Aðstæðurnar til keppni hér eru slík gerbylting að maður á bara erfitt með að lýsa því. Það urðu örliðlar tafir í byrjun en það fall varð fararheill, þetta gekk eins og í sögu eftir það,“ sagði Guðmundur.

baldur@frettabladid.is

ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Adriano Galliani, varaforseti AC Milan, hefur lýst því yfir að treyja númer 3 sem **Paolo Maldini** hefur leikið í hjá félaginu síðustu 20 ár verði ekki notuð aftur þegar hann leggur skóna á hilluna. **Maldini** er í guðatölu í Milano og hefur unnið alla titla með félaginu sem hægt er að vinna. Áður hefur treyja númer 6 verið frátekin til heiðurs varnarjafnlínu **Franco Baresi**.



George Karl hefur verið ráðinn þjálfari Denver Nuggets í NBA deildarinnar í körfubolta. **Karl** hefur stýrt liðinu til sigurs í tveimur fyrstu leikjum sínum, en gengi þess hefur valdið miklum vonbrigðum það sem af er tímabili.

George Karl hafði verið að vinna sem þulur á sjónvarpsstöð um skeið eftir að taka sér frí frá þjálfun, en hann þjálfaði m.a. lið Seattle sem lék til úrslita í NBA gegn Chicago árið 1996 og er einn af sigursælustu þjálfurum í sögu deildarinnar.

Knattspyrnumaðurinn **Pórarinn Kristjánsson** lék sinn fyrsta leik með liði Aberdeen í skosku úrvalsdeildinni um helgina í 1-0 tapi fyrir Hearts. **Pórarinn** var skipt út af eftir 59 mínútna leik. Góður leikur **Pórarins** með varaliði félagsins í míðri viku varð til þess að kappinn fékk að spreyta sig með aðalliðinu.



Brynjar Björn Gunnarsson, leikmaður Watford, verður frá keppni í um þrjár vikur eftir að hann meiddist á hné í viðureign Watford og Liverpool í deildarvikum á þriðjudaginn síðasta. Liðið vinnur nú að því að finna lánsmann til að leysa **Brynjar** af hólmi, en hann hefur verið að leika vel undanfarið.

Meidsladráugurinn á Anfield hefur verið iðinn við kolann á leiktíðinni og nú berast enn ein sorgartíðindin af leikmönnum liðsins. Framherjar liðsins hafa hlotið hvað versta útreið og nú er það ungstirnir **Neil Mellor** sem er meiddur á hné og óttast forráðamann liðsins að pilturinn þurfi í uppskurð. Yrði það enn eitt áfallið fyrir félagið sem hefur verið í vandræðum með framherja sína í allan vetur.



A-landslíð Íslands í snóker hefur verið valið fyrir Evrópumeistarar mótið sem fer fram á Möltu í mars. Liðið skipa **Jóhannes B. Jóhannesson**, **Brynjar Valdimarsson** og **Gunnar Hreiðarsson**, en sá síðastnefndi hefur oftast leikið með B-landslíðinu en hefur nú tryggt sér sæti á A-liðinu. Íslenska liðið hefur einu sinni unnið Evrópumeistarar mótið, en sá árangur náðist í febrúar árið 2002 þegar mótið fór fram hér á landi. Þá var **Kristján Helgason** í liðinu ásamt þeim **Jóhannesi** og **Brynjari**.

Knattspyrnumaðurinn **Giovanni Elber** hefur fengið sig lausan undan samningi frá franska liðinu Lyon, eftir að sló í brýnu milli hans og forráðamanna liðsins. **Elber** hefur verið lengi frá vegna meiðsla, en hann öklabrotnaði fyrir nokkru síðan og komu upp deilur milli hans og liðsins þegar hann hunsaði reglur og fór sínar eigin leiðir varðandi endurhæfingu sína. Samningi leikmannsins hefur verið rift og er hann nú laus frá félaginu og ljóst að mörg lið hugsa sér gott til glóðarinnar að hreppa þennan 32 ára framherja.



JOHN TERRY Fagnar hér marki sínu gegn Birmingham ásamt Frank Lampard og Didier Droga.

ÍSLENSKU 2004


TÓNLISTARVERÐLAUNIN

VEÐBANKI

GISKADU RÉTT Á ÚRSLITIN OG ÞÚ GÆTIR SÉÐ U2 Í KÖBEN

Í VINNING ER FERÐ TIL KAUPMANNAHAFNAR MEÐ ICELANDAIR ÁSAMT GISTINGU FYRIR TVÖ, MIÐA Á TÓNLEIKA MEÐ U2 Á PARKEN OG 2000 KR DANSKAR Í GJALDEYRI FRÁ LANDSBANKANUM

TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS



Fjórða umferð ensku bikarkeppinnar í fótbolta:

Hugsa ekki um fernuna

FÓTBOLTI Chelsea og Bolton tryggðu sér í gær sæti í fimmtu umferð ensku bikarkeppinnar með sigrum í leikjum sínum.

Chelsea bar sigurorð af Birmingham, 2-0, í leik þar sem varnarjafnlarnir John Terry og Robert Huth skoruðu mörk toppliðsins.

John Terry, fyrirliði Chelsea, sagði eftir leikinn að það væri gaman að liðið væri komið áfram í bikarnum en það væri enginn að hugsa um þá staðreynd að Chelsea er eina liðið í Englandi sem á enn fræðilegan möguleika á því að vinna ferfált í vetur.

Jose Mourinho, knattspyrnu- stjóri liðsins, hrósaði sínum mönnum fyrir frábæran fyrri hálfleik.

„Við spiluum mjög vel í fyrri hálfleik og hefðum átt að vera með meiri forystu, við spiluum frábærlega. Þeir voru betri í síðari hálfleik og það var okkur að kenna,“ sagði Mourinho.

Bolton vann nauman sigur á Oldham þar sem hinn átján ára gamli Portugalí, Ricardo Vaz Te, skoraði sigurmarkið strax á 9. mínútu leiksins. Leikmenn Oldham voru óheppnir að ná ekki að jafna metin undir lokin þegar þeir gerðu harða hríð að marki Bolton.

Sam Allardyce, knattspyrnu- stjóri Bolton, var ekki sáttur við spilamennsku leikmanna Oldham og prisaði sig sælan að enginn af hans mönnum hefði meiðst. ■

Svefn & heilsa



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbriggt stöðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.

ÚTSÖLUDAGAR

10000

E20052005

SAMKVÆMT SVEFN & HEILSU
JANÚAR 2005

PENINGABANKI
ÍSLANDS



25-70% afsláttur

Gildir ekki á öðrum tilboðum

á völdum húsgögnum
útlitsgölluðum og eldri gerðum
af heilsudýnum, ásamt ýmsum fylgihlutum.

Rýmum fyrir nýjum vörum

Chiropractic

Rýmum fyrir nýjum dýnum

Sú besta

samkvæmt stærstu
samtökum
kírópraktora í heimi



Verðdæmi:

Silk classic millistíf heilsudýna

Queen kr. ~~129.900.-~~ nú kr. 99.900.-

King size kr. ~~159.900.-~~ nú kr. 129.900.-

ARCONIT



Sleep Series



Verðdæmi:

Euro 120x200 ~~59.900.-~~ Nú 39.900.- stgr.

Full 135x200 ~~64.900.-~~ Nú 44.900.- stgr.

Queen 153x200 ~~69.900.-~~ Nú 49.900.- stgr.

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



REYKJAVÍK



AKUREYRI

Svefn & heilsa



Gildir meðan
birgðir endast

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

REIÐSKÓLINN ÞYRILL

**Næsta námskeið
hefst 1. febrúar**

**Barnaflokkar kl. 16.30
Framhald fullorðna kl.
17.30**

**Byrjendanámskeið fyrir
fullorðna kl. 18.30**

**Kennt verður á þriðju-
dögum, fimmtudögum
og laugardögum.**

Upplýsingar og skráning
í síma 567 3370 eða
896 1248.

Einnig á email þyrill@isl.is

SLIMMING

Línurnar í lag



Af með aukakílóin

STUÐ MILLI STRÍÐA : Éttu hund, Mick!

SMÁRI JÓSEPSSON SEGIR FRÁ ÆVINTÝRI MICKS JAGGER, SÖNGVARA ROLLING STONES

MYND: HELGI SIGURSSON



Maður nokkur í Seattle í Oregon-fylki í Bandaríkjunum skráði afrek sitt á spjöld sögunnar þegar sjálfur Mick Jagger, söngvari Rolling Stones, minnstist á það í viðtali við ónefnt tímarit.

Það var fyrir um tuttugu árum síðan þegar leið Stones lá í gegnum Seattle. Átti hljómsveitin að leika á tónleikum þar á sunnudegi en svo heppilega vildi til að hljómsveitin átti frídag daginn áður.

Jagger brá sér á virtan veitingastað í borginni og rakst þá á manninn sem sagan fer af. Maðurinn, sem var upptekinn við að panta borð fyrir kvöldið, þekkti Jagger strax og vatt sér að honum. Hann spurði hvort hann gæti gert sér greiða. Hann útskýrði að kvöldið væri honum mikilvægt af þeim ástæðum að hann og unnusta hans ætluðu að snæða saman á veitingastaðnum góða. Þar sem kappinn var enn frekar óruggur með hvert hið nýja samband stefndi, spurði hann Jagger hvort hann gæti ekki heilsað honum með nafni þegar hann kæmi inn á staðinn ásamt nýju kærustunni. Söngvaranum fræga fannst þetta nú ekkert tiltökumál og svaraði jánkandi, það væri nú minnsta málið.

Söguhetjan var himinlifandi og arkaði spenntur heim til stúlkunnar góðu en Jagger sat sallarólegur eftir með félögum sínum og beið eftir matnum.

Einhverju seinna labbar okkar maður inn ásamt nýju kærustunni. Jagger kemur auga á hann og kallar; „Nei blessaður, maður!“ Hinn setti löngutöng upp í loftið og svaraði um hæl: „Éttu skít, Mick!“ fyrir framan fullan sal af fólki. Hin nýja kærasta hefur vafalaust hugsað með sér: „Hvaða svaðalegi töffari er þetta sem ég er búin að ná mér í?“

Mick viðurkenndi seinna að atvikið væri það neyðarlegasta sem hann hefði lent í á ævinni. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



11. hver vinnur!

Meet the Fockers

Sendu SMS skeytið **JA MFF** á númerið **1900** og þú gætir unnið.

Vinningar eru: • Miðar fyrir 2 á Meet the Fockers
• Aðrir tengdur myndir • DVD myndir • Aðrir fleira.

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

Klasar Samstarf í samkeppni

Námstefna haldin á löntæknistofnun **3. febrúar** kl. 13:00 til 17:30

Á námstefnunni mun meðal annars **Ifor Flowcs-Williams** frá Nýja Sjálandi fjalla um þróun og hagnýt gildi klasa (e. clusters).

Ifor er inn af best þekktu sérfræðingum á þessu sviði. Það er því áskorun til þeirra sem láta sér nýsköpun og þróunar mál fyrirtækja og stofnanna og einstakra svæða og kynna sér reynslu og þekkingu Ifors.


Þátttakendur á námstefnunni munu vera afhent nýlegt rit um klasa en einnig mun vera stutt erindi um stöðu þessara mála hér á landi.

Dagskrá:

- 13:00 – 13:10 Ávarp**
Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
- 13:10 – 13:25 Stutt yfirlit um stöðu þessara mála hér á landi**
Sævar Kristinsson, Netspor ehf.
- 13:25 – 15:00 Klasar, tækifæri og hagnýtar aðferðir**
Ifor Williams
- 15:00 – 15:20 Kaffi og veitingar**
- 15:20 – 17:30 Klasar, tækifæri og hagnýtar aðferðir**
Ifor Williams
- 17:30 Lok námstefnu**

Skráning fer fram á netfanginu martha@iti.is og í síma 570 71 00.

Þátttökugjald er kr. 7.500.





VÍNYLL Kristinn Jónsson, í miðjunni, og félagar í Vinyl gefa út sína fyrstu stóru plötu á fimmtudag.

Spennandi að fara nýjar slóðir

Eftir langa bið gefur hljómsveitin Vínýll á fimmtudag út sína fyrstu plötu, hún ber heitið LP. Fréttablaðið ræddi við söngvarann Kristin Jónsson um hljómsveitina, upprunann og metnaðinn.

Kristinn Jónsson hefur lengi verið í tónlistarbransanum hér heima. Hann er bróðir söngkonunnar Moeiðar Jónusdóttir sem hefur látið að sér kveða vel og lengi og sjálfur hefur hann verið meðlimur rokkveitarinnar Vínýll í átta ár ásamt tvíburabróður sínum Guðlaugi. Hefur sveitin vakið athygli bæði hér heima og erlendis fyrir töfrafalegan stíl sinn.

„Brilliant“

„Það er briliant að vera búinn með plötuna og gaman að sjá hana koma út,“ segir Kristinn um fyrstu plötu sveitarinnar, LP, sem hefur verið í tæp tvö ár í vinnslu.

Þegar Vínýll var stofnuð árið 1997 spilaði sveitin rokk í sinni einföldustu mynd, eins og Kristinn orðar það. Undanfarið ár hefur hún þó þróast áfram og farið meira út í hljómborðs- og effektapælingar. „Við komum dálítið hver frá sínum staðnum músíklega,“ segir Kristinn sem hlustaði mikið á Chuck Berry í æsku. „Við erum að reyna að finna það sem okkur finnst spennandi saman, það er svona aðaltilgangurinn með þessu. Annars komum við eiginlega beint úr bílskúrnum í Kópavogi þar sem við vorum að reykja sigarettur og drekka landa. Þess vegna er maður í hljómsveit, það er einhver vegginn edlilegt umhverfi fyrir okkur. En við erum samt miklir músík-áhugamenn og spenntir fyrir því að spila músík.“

Hugrekki er nauðsynlegt

Eftir að Vínýll hafði verið starfandi í tvö og hálf ártóku þeir félagar pásu og fóru að spila með Moeiði Jónusdóttur undir nafninu Lace. Sveitin fór m.a. í tónleikaferð um

Bandaríkin og gaf út plötu sem lítið var fylgt eftir.

Fyrir tæpum tveimur árum kom Vínýll aftur fram á sjónarsviðið og gaf út EP-plötuna Vínýll. Hafði hún m.a. að geyma lögin Nobody's Fool, Miss Iceland og Who Gets the Blame, sem nutu mikilla vinsælda hér á landi. Síðan þá hefur lítið heyrst til sveitarinnar þar til nú. Kristinn, eða Kiddi eins og hann er kallaður, segir að sveitin hafi þróast töluvert síðan þá, enda sé það

ásamt íslensku sveitunum Ske og Ampop og hlakkar Kiddi mikið til þeirrar ferðar. Einnig eru fyrirhugaðir tvennir tónleikar í Los Angeles í sömu ferð.

Hann segir íslenska tónlistarmarkaðinn erfiðan. „Við erum búnir að vera herna heillengi og það er takmarkað hægt að gera á Íslandi. Við erum búnir að upplifa ýmsa hluti sem eru kannski ekkert spennandi eftir tíu ár. Þá langar þig kannski að fara eitt-hvert annað. Þú sérð sjálfan þig kannski ekki sem einhverja æðislega poppstjörnu, heldur er það bara spennandi fyrir þig sem persónu að fara nýjar slóðir.“

Að sögn Kidda munu útsendarar einhverra plötu-fyrirtækja fylgjast með frammistöðu þeirra í Texas. „Hvað sem verður úr því þá breytir það kannski ekkert lífi okkar mikið. Við fáum kannski pening til að gera eitthvað í smá tíma og fáum tækifæri til að ferðast.“

Hljóðir ekki skipunum

Hvað varðar metnað Vínýls segir Kiddi aðalatriðið að menn hafi gaman af hlutunum og heimsfrægt sé ekki takmarkið. Hann segist ávallt hafa farið sínar eigin leiðir og eigi erfitt með þóknast öðrum. „Það er náttúrlega nóg af drasli sem er framleitt fyrir markaðinn. Ég sé bara ekki alveg sjálfan mig þannig fyrir mér. Ég hef aldrei verið góður í því að gera það sem aðrir segja mér að gera.“

Útgáfutónleikar Vínýls vegna nýju plötunnar verða haldnir á Gauki á Stöng á fimmtudaginn, sama dag og platan kemur út. Frítt er inn og opnar húsið klukkan 21.00.

frey@frettabladid.is



LP Platan LP er loksins komin út eftir að hafa verið tvö ár í vinnslu.

VÍNYLL

Söngur: Kristinn Jónsson

Gítar: Egill Tómasson

Bassi: Arnar Snær Davíðsson


Hljómborð: Þórhallur Bergmann

Þrommur: Guðlaugur Jónsson

afar mikilvægt að staðna ekki í tónlistinni. Nauðsynlegt sé að sýna hugrekki. „Ég skil ekki sum bönd sem eru búnir að ganga í 15 ár og búnir að gera sömu plötuna tíu sinnum í röð. Mér finnst það hálf-faránlegt og einkennandi fyrir hræðslu.“

Útsendarar í Texas

Vínýll spilar á tónlistarhátfélinni SXSW í Texas í mars



Við erum flutt

...en timbursalan fer ekki fet

Skrifstofur Húsasmiðjunnar eru fluttar í Holtagarða (þar sem Samskip voru áður til húsa)

Timbursalan verður áfram í Súðarvogi 3-5
Símanúmer okkar 525 3000 helst óbreytt

Athugið!

Viðskiptareikningadeild flytur 7. febrúar.



HÚSASMIÐJAN
Sími 525 3000 • www.husa.is



Prófaðu Nicorette Freshmint



Tó uxzzk Æxkyns 0 zæxæ zæzæ
t æþzæ æmmær s s kÜ
igt mjgxtj æ æt æ hægæ æ

nicorette

Þessi lyfja er framleidd af Nicorette Ltd. Íslandi er henni eigningsréttur til 1999. Önnur kaupmanna lögmæt gæta komið fyrir. Nicorette er hluti af Nicorette Inc. í Bandaríkjunum. Nicorette Inc. er hluti af Nicorette AB. Nicorette AB er hluti af Nicorette AB. Nicorette AB er hluti af Nicorette AB.



Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir

Háskólabíó

LEONARDO DICAPRIO
AVIATOR
 tilnefningar til Óskarsverðlauna, þ.á.m. besta mynd, besti leikstjóri, besti leikari: Leonardo Dicaprio.
 Sýnd kl. 6 og 9.10

★★★★ Ian Nathan/EMPIRE
ALEXANDER
 Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
 Sýnd kl. 5.45 og 9

Bróðirinn (Son Frére)
 Kl. 10.30

Grjóthaltu kjaftri (Tais Toi)
 Sýnd kl. 8 og 10

Langa trúlofunin (Un long dimanche de fiançailles)
 Sýnd kl. 5.30 og 8

SMÁRA BÍÓ

SIDEWAYS
 „Sideways er eins og eðalvin með góðri fyllingu. Hún er bragðgóð, þægileg og skilur eftir sig fint eftirbragð“
 Hlaud tveggja Golden Globe verðlauna Besta myndin Besta handritið
 Svakalega flott ævintýraspennumynd með hinni sjóðheitu Jennifer Garner
 Kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10 B.i. 14 ára

TAXI
 Sýnd kl. 3.45 og 8 b.i. 10

FINDING NEVERLAND
 „Ein snjallasta mynd ársins... Ögleymanleg... ljúf kvikmyndaperla.“
 Sýnd kl. 5.50 og 10.15

THE INCREDIBLES
 Tilnefnd til 4 Óskarsverðlauna
 Kl. 5.40 m/isl. tali Yfir 36.000 gestir

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ALEXANDER
 Epísk stórmynd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.
 Sýnd kl. 6, 8.30 og 10.10 b.i. 14
 Sýnd í LÚXUS VIP kl. 3.45 og 8.30

TEAM AMERICA
 „Algjör snilld. Ein af fyndustu myndum ársins.“
 Kl. 4, 6, 8 og 10.10 B.i. 14. ára

THE INCREDIBLES
 Tilnefnd til 4 Óskarsverðlauna Yfir 36.000 gestir
 Kl. 3.45 og 6 isl. tal kl. 3.45, 6 & 8.15 enska

SV - MBL
 Sýnd kl. 3.45, 6, 8.15 & 10.30

Sýnd kl. 10.30

TENÓRINN

Tangóball
 þriðjudaginn
 1. febrúar Tangósveit lýðveldisins

Fös. 4. feb. kl. 20 örfá sæti
 Sun. 13. feb. kl. 20
 Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti
 Sun. 27. feb. kl. 20

Sýningum fer fækkandi


MIÐASALA Í SÍMA 562 9700
www.idno.is

KVIKMYNDIR

Eastwood verðlaunaður

Leikarinn og leikstjórinn Clint Eastwood hefur verið valinn leikstjóri ársins af kollegum sínum í Bandaríkjunum en hann tók við Directors Guild of America-verðlauninum fyrir boxaramyndina Million Dollar Baby á laugardaginn.

